

# **Skýrsla um framkvæmd á greiðslu sanngirnisbóta á grundvelli laga nr.47/2010**

**Desember 2018**


## Til dómsmálaráðherra

Þessi skýrsla er samantekt á allri framkvæmd við greiðslu sanngirnisbóta til fyrrum vistmanna á þeim vistheimilum og stofnunum fyrir börn sem kannaðar voru af vistheimilanefnd á árunum 2007 til 2018 og kynnt var í skýrslum nefndarinnar og að auki til fyrrum nemenda Landakotsskóla. Farið er yfir allt verkefnið, undirbúning þess og framkvæmd. Engin vistheimili eða stofnanir eiga eftir að sæta könnun skv. erindisbréfum vistheimilanefndar og engin vistheimili eða stofnanir bíða innköllunar eftir þeim skýrslum sem fyrir liggja.

Reykjavík 14. desember 2018

Virðingarfyllst:

Halldór Þormar Halldórsson



Umsjónarmaður sanngirnisbóta

Guðrún Ögmundsdóttir



Tengiliður vistheimila

## Efnisyfirlit

I.	Inngangur .....	5
II.	Upphafið .....	8
III.	Vistheimilanevnd .....	9
IV.	Bótaskylda ríkissjóðs .....	11
V.	Sanngirnisbætur .....	12
	5.1 Nánar um skilyrði laganna.....	14
	5.2 Innköllun.....	15
	5.3 Tengiliður.....	15
	5.4 Ákvörðun fjárhæðar bóta.....	15
	5.5 Erfðir og brottfall kröfu .....	16
	5.6 Skattleysi bóta .....	16
	5.7 Úrskurðarnevnd .....	17
VI.	Undirbúningur verkefnisins.....	17
VII.	Tengiliður.....	19
VIII.	Sýslumannsembættið á Siglufirði.....	20
IX.	Sáttaþóð .....	23
X.	Bótafjárhæðir .....	24
XI.	Innkallanir og málsmeðferð .....	25
XII.	Heimili og stofnanir.....	27
	12.1 Vistheimilið Breiðavík.....	27
	12.2 Heyrnleysingjaskólinn .....	28
	12.3 Vistheimilið Kumbaravogur Stokkseyri .....	29
	12.4 Skólaheimilið Bjarg Seltjarnarnesi .....	30
	12.5 Vistheimilið Reykjahlíð í Mosfellssveit.....	31
	12.6 Heimavistarskólinn að Jaðri í Elliðavatnslandi .....	31
	12.7 Vistheimilið Silungapollur.....	32
	12.8 Upptökuheimili ríkisins.....	33
	12.9 Unglingaheimili ríkisins .....	34
XIII.	Fleiri stofnanir.....	35
	13.1 Landakotsskóli.....	36
	13.2 Kópavogshæli.....	37
XIV.	Heildarsamantekt/fjöldi .....	39

XV.	Tímalína sanngirnisbóta .....	40
XVI.	Úrskurðarnefnd .....	42
XVII.	Samstarf og samvinna .....	43
XVIII.	Hver er reynslan.....	45
XIX.	Helstu annmarkar og gagnrýni á verkefnið .....	47
XX.	Lokaorð.....	49
XXI.	Ýmis fylgiskjöl .....	51

## I. Inngangur

Frá árinu 2011 hefur íslenska ríkið greitt sanngirnibætur til einstaklinga sem urðu þolendur ofbeldis og illrar meðferðar í barnæsku, á meðan þeir dvöldu á heimilum og stofnunum sem voru reknar af hinu opinbera. Þessar stofnanir voru ýmist reknar beint af opinberum aðilum eða með stuðningi þeirra, en eiga allar sameiginlegt að hafa fallið undir eftirlitsskyldu ríkisins með einhverjum hætti. Flestar þessar stofnanir og heimili voru rekin sem úrræði í barnavernd, en það var þó ekki svo í öllum tilvikum og voru til dæmis tvær þessara stofnana úrræði vegna heilbrigðisvanda. Á árunum frá 2007 og með hléum til ársins 2016 fór fram könnun á starfsemi þessara heimila og stofnana af hálfu nefndar sem var skipuð af forsætisráðherra og sett voru sérstök lög um starfsemi hennar. Í skýrslunni verður til einföldunar jafnan vikið að nefndinni sem vistheimilanefnd.

Í þessari skýrslu verður rakin forsaga málsins, vikið lítillega að starfsemi vistheimilanefndar og niðurstöðum hennar og fjallað um þær leiðir sem farnar voru til að bæta fyrir þær misgjörðir sem börnin máttu þola.

Um er að ræða einstakt verkefni í íslenskri sögu, hvort sem það er að efni þess eða umfangi. Aldrei hefur verið ráðist í kerfisbundnar bótagreiðslur með þessum hætti og við útkomu þessarar skýrslu hafa nærri 1.100 einstaklingar fengið greiddar bætur. Fjárhæð greiddara bóta og þeirra bóta sem ríkið hefur skuldbundið sig til að greiða nemur nærri 3 milljörðum króna.

Auk þess sem saga málsins og vinna við verkefnið verður rakin í þessari skýrslu greina höfundar frá því hvaða reynsla var af málinu og hvaða lærdóm má draga af því, auk þess sem fjallað verður um mögulegt framhald málsins. Það er ekki markmiðið með þessari skýrslu að rekja einstakar frásagnir eða greina ítarlega frá starfsemi heimilanna. Því hafa verið gerð afar góð skil í skýrslum vistheimilanefndar.

Þetta verkefni hefur verið leyst með mikilli vinnu og samstarfi fjölda einstaklinga sem að því hafa komið með einum eða öðrum hætti og verður að teljast fráleitt að það hefði verið leyst nema með samvinnu og velvilja þeirra sem að því komu.

Má þar nefna marga. Málefni vistheimila og vistheimilanefndar hafa verið á ábyrgð forsætisráðherra. Það var Geir H. Haarde sem mælti fyrir um skipan vistheimilanefndar og könnun hennar á starfsemi Breiðavíkur og síðar fleiri heimila. Þegar Jóhanna Sigurðardóttir tók við ráðuneytinu hélt hún því starfi áfram og mælti svo fyrir frumvarpi til laga um sanngirniseftur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, hér eftir kallað frumvarp til laga um sanngirniseftur. Samkvæmt frumvarpinu var dómsmála- og mannréttindaráðherra falið að annast framkvæmdina. Lögin tóku gildi 28. maí 2010 og var Ragna Árnadóttir ráðherra á þeim tíma og Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri. Í september 2010 tók Ögmundur Jónasson við sem ráðherra en 1. janúar 2011 var nafni ráðuneytisins breytt í innanríkisráðuneytið vegna sameiningar ráðuneyta. Í ráðherratið Ögmundar var stærsti hluti verkefnanna unninn, en hann var ráðherra fram í maí 2013. Þá tók Hanna Birna Kristjánsdóttir við og í desember tók Ólöf Nordal við embættinu, en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafði gengt því í skamman tíma í millitíðinni. Ólöf lést í ársbyrjun 2017 og þá tók Sigríður Andersen við sem ráðherra og í maí það sama ár var ráðuneytum skipt upp að nýju og nú heitir ráðuneytið dómsmálaráðuneytið. Haukur Guðmundsson hefur verið ráðuneytisstjóri þar frá 1. júní 2017. Þegar verkefnið hófst var Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður á Siglufirði, en við sameiningu embætta féll verkefnið undir sýslumanninn á Norðurlandi eystra og er Svavar Pálsson sýslumaður þar.

Allir þessir einstaklingar í stjórnkerfinu komu að málinu þótt misjafnlega mikið væri og hefur öll samvinna við þá verið mjög góð. Sérstaklega skal til viðbótar getið Hermanns Sæmundssonar skrifstofustjóra í innanríkisráðuneytinu og Péturs U. Fenger skrifstofustjóra, fjármálaskrifstofu ráðuneytisins.

Frá upphafi þessa verkefnis hefur verið mikil fjölmiðlaumfjöllun, enda málið mikilvægt og henni hafa umsjónarmaður sanngirnisefta og tengiliður jafnan tekið þátt í, til að upplýsa um stöðu mála hverju sinni, koma sjónarmiðum og upplýsingum á framfæri ásamt því að upplýsa um gang mála og einnig hefur það verið svo að í hvert sinn sem upp kemur umræða um ofbeldi fyrri tíma gagnvart börnum, þá hefur slík umræða ætíð haft bylgjuáhrif á þetta verkefni.

Verkefnið hefur einnig leitt umsjónarmann sanngirnisefta og tengilið vistheimila til að halda um það kynningu og fyrirlestra, leitt af sér kennslu við HR og HÍ, veita aðstoð við nemendur á háskólastigi, sem eru að skrifa um verkefnið eða efni því

tengt, farið á fund nefnda og stofnana til þess að gefa upplýsingar um gang mála og eðli verkefnisins og um það hvað sé hægt að læra af verkefni sem þessu. Þá hafa einnig verið samskipti við fræðimenn og rannsakendur sem talið hafa að við gætum veitt þeim gagnlegar upplýsingar, ásamt því að vera í góðum samskiptum við nefndir sveitarfélaga og ýmsar stofnanir ríkisins og starfsmenn þess, sem á einhvern hátt hafa snertiflöt við verkefnið. Þessu hefur fylgt töluverður undirbúningur og vinna sem hefur verið ánægjulegur fylgifiskur þessa stóra verkefnis.

## II. UPPHAFIÐ

Þann 2. febrúar 2007 var sýndur í ríkissjónvarpinu fréttabátturinn Kastljós þar sem fjallað var um vistheimilið að Breiðavík á Barðaströnd, sem rekið var af ríkinu sem barnaverndarúrræði frá vordögum 1952 og til vors árið 1979. Frá upphafi voru vistaðir þar drengir, sem og stúlkur frá árinu 1973 til loka starfstíma heimilisins. Í umræddum þætti komu fram alvarlegar ásanir þess efnis að vistmenn, sem voru á aldrinum 7–15 ára, hefðu í mörgum tilvikum mátt þola alvarlegt ofbeldi, illa meðferð og vanrækslu á meðan þeir dvöldu á heimilinu. Á næstu vikum eftir að þátturinn var sýndur komu fram ítarlegri upplýsingar um málið og margir fyrrverandi vistmenn á heimilinu gáfu sig fram og greindu frá ýmiss konar ofbeldi og illri og vanvirðandi meðferð sem þeir máttu sæta. Eins og ætla mátti vakti málið afar sterk viðbrögð í samfélaginu og 13. febrúar sama ár lagði ríkisstjórnin fram frumvarp þess efnis að fram færi heildstæð könnun á starfsemi heimilisins og annarra hliðstæðra stofnana og sérskóla þar sem börn dvöldu. Lög þess efnis tóku gildi 28. mars 2007 og kváðu á um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Lögin eru númer 26/2007 og verða hér eftir nefnd lög um vistheimilanefnd til einföldunar við samsetningu og lestur skýrslunnar.

Samkvæmt lögnum skal nefndinni sett starfssvið með erindisbréfi ráðherra (forsætisráðherra) og 2. apríl 2007 var henni sett fyrsta erindisbréfið. Með bréfinu var nefndinni falið að kanna heildstætt starfsemi Breiðavíkurheimilisins, tildrög þess að börn voru vistuð þar og staðreyna eins og kostur er hvort þeir einstaklingar sem þar voru vistaðir hefðu mátt sæta ofbeldi eða illri meðferð. Þá var henni falið að kanna hvernig opinberu eftirliti með starfseminni var háttáð og jafnframt að leggja grundvöll að tillögugerð til stjórnvalda um frekari viðbrögð, meðal annars til að koma í veg fyrir að réttur barna sem eru í opinberri forsjá verði brotinn. Með lögnum eru vistheimilanefnd veittar víðtækar heimildir til gagnaöflunar, enda var litið svo á að það væri nauðsynlegur þáttur til að nefndin gæti varpað skýru ljósi á málið, auk þess sem aðstæður kölluðu á



að könnunin myndi ekki dragast á langinn. Tilgreint er í lögnum að þau nái ekki til stofnana sem eru starfandi við gildistöku þeirra.

### III. VISTHEIMILANEFND

Fyrsta skýrsla vistheimilaneftdar kom út í febrúar árið 2008 og fjallaði hún um starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1952–1979. Nefndin skilaði jafnframt tillögum til forsætisráðherra um viðbrögð við niðurstöðum skýrslunnar, hugsanlega bótaskyldu ríkisins og hvaða skref skyldi stíga næst. Á grundvelli skýrslunnar var nefndinni sett nýtt erindisbréf 11. apríl 2008 þar sem henni var falið að leggja mat á hvort fleiri stofnanir skyldu sæta könnun hennar og hvaða stofnanir það yrðu. Þetta skyldi gert í samræmi við þær upplýsingar sem nefndinni hefðu borist við könnun á Breiðavíkurheimilinu og hún skyldi meta hvaða tilgangi slík könnun þjónaði í hverju tilviki, ekki síst vegna þess tíma sem kynni að vera liðinn frá því að starfsemi var hætt. Í kjölfarið ákvað nefndin í apríl 2008 að taka til athugunar starfsemi átta heimila, stofnana og sérskóla.

Þessi heimili og stofnanir eru:

1. Heyrnleysingjaskólinn í Reykjavík. Var ákveðið að miða könnunina við árabilið 1947–1992.
2. Skýrsla um starfsemina kom út í áfangaskýrslu 1, 31. ágúst 2009.
3. Vistheimilið Kumbaravogur við Stokkseyri sem starfaði frá 1965–1984. Skýrsla um starfsemina kom út í áfangaskýrslu 1, 31. ágúst 2009.
4. Skólaheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi sem starfaði á árunum 1965–1967. Skýrsla um starfsemina kom út í áfangaskýrslu 1, 31. ágúst 2009.
5. Vistheimilið Reykjahlíð í Mosfellssveit sem starfaði á árunum 1956–1972. Skýrsla um starfsemina kom út í áfangaskýrslu 2, 31. ágúst 2010.

6. Vistheimilið Silungapollur sem var starfrækt af Reykjavíkurborg á árunum 1950–1969.  
Skýrsla um starfsemina kom út í áfangaskýrslu 2, 31. ágúst 2010.
7. Heimavistarskólinn að Jaðri sem starfaði á árunum 1946–1973.  
Skýrsla um starfsemina kom út í áfangaskýrslu 2, 31. ágúst 2010.
8. Upptökuheimili ríkisins sem starfaði á árunum 1945–1978.  
Skýrsla um starfsemina kom út í áfangaskýrslu 3, 21. nóvember 2011.
9. Unglingaheimili ríkisins sem starfaði á árunum 1978–1994.  
Skýrsla um starfsemina kom út í áfangaskýrslu 3, 21. nóvember 2011.

Unglingaheimili ríkisins tók við starfsemi Upptökuheimilis ríkisins. Með reglugerð sem sett var árið 1978 var nafni Upptökuheimilisins breytt í Unglingaheimili ríkisins, en það heiti hafði þó verið notað um nokkurt skeið í daglegu tali starfsmanna heimilisins og forstöðumanns þess. Könnun nefndarinnar tók einnig til annarra stofnana sem voru undir Unglingaheimili ríkisins, og tók könnun nefndarinnar mið af því og var miðað við árið 1973.

Ekki lá fyrir í upphafi hversu margir einstaklingar voru vistaðir á þessum níu stofnunum, en að lokinni könnun vistheimilanefnar voru vísbendingar um að þeir væru hátt á fimmta þúsund.

Samkvæmt lögum um vistheimilanefnd var hlutverk hennar í fyrsta lagi að lýsa almennt starfsemi viðkomandi stofnunar og tildrögum þess að börn voru vistuð þar; í öðru lagi að staðreyna hvort börn sem voru vistuð á viðkomandi heimili eða stofnun hafi mátt sæta illri meðferð eða ofbeldi á þeim tíma sem þau dvöldu þar og í þriðja lagi hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi stofnun var háttað. Nefndin taldi þegar í upphafi að afmarka yrði hugtökin „ill meðferð“ og „ofbeldi“, enda væri það megintilgangur starfs hennar að staðreyna hvaða atvik og aðstæður sem lýst yrði gætu fallið undir þessi hugtök. Nefndin leit jafnan svo á að það væri ekki hlutverk hennar að kanna sérstaklega einstök tilvik eða tilkynningar um illa meðferð og ofbeldi, heldur kanna hvort vistmenn hefðu almennt mátt þola þá háttsemi eða athafnaleysi sem fallið gæti undir hugtökin.

*Ill meðferð er hvers konar meðferð barns, sem vistað var á vist- eða meðferðarheimili, sem hlutlægt séð má telja að hafi verið ómannúðleg eða vanvirðandi. Þar undir fellur eðli málsins samkvæmt bein líkamleg valdbeiting*

*gagnvart barni í formi refsinga þar sem valdið var óþarfa sársauka, enda hafi athöfnin ekki verið liður í lögmætum aðgerðum til að afstýra ofbeldi á milli manna eða yfirvofandi hættu á ofbeldi eða tjóni á verðmætum. Undir hugtakið „ill meðferð“ falla einnig athafnir gagnvart barni sem eru ógnandi, vanvirðandi eða niðurlæggjandi í garð barnsins og þær athafnir eða athafnaleyssi starfsmanna og eftir atvikum annarra opinberra aðila sem var til þess fallið að misbjóða barni.*

#### **IV. BÓTASKYLDA RÍKISSJÓÐS**

Fljótlega eftir að umræður um starfsemi Breiðavíkurheimilisins hófust var farið að ræða mögulega bótaskyldu ríkisins. Fyrirliggjandi var að ýmis vandkvæði voru við framkvæmd á slíku uppgjöri. Í íslenskum skaðabótarétti hefur sakarreglan eða almenna skaðabótareglan gilt sem meginregla, auk þess sem reglan um vinnuveitanda- eða húsbóndaábyrgð hefur verið ráðandi. Þá ber að hafa í huga að samkvæmt íslenskum skaðabótarétti ber tjónþola í hverju tilviki að takmarka skaða sinn eins og kostur er. Almenna skaðabótareglan gerir ráð fyrir því að í fyrsta lagi þurfi að sýna fram á að tjón hafi orðið; í öðru lagi að sýna fram á orsakatengsl tjónsins við tiltekna saknæma háttsemi eða athafnaleyssi; í þriðja lagi þarf svo að hafa í huga að bætur fyrir tjón hafa fyrningartíma og krefjast þarf bóta innan hans. Samkvæmt íslenskum fyrningarlögum er sá tími ýmist miðaður við fjögur eða 10 ár. Þau heimili og stofnanir sem voru viðfang könnunar vistheimilanefndar störfuðu flest fyrir áratugum og því er ljóst að almenn sönnun tjóns yrði ófær í öllum tilvikum eða hið minnsta í meginþorra tilvika og bótakröfur að auki fyrndar, enda er upphaf fyrningarfrests yfirleitt talið hefjast þegar hin skaðabótaskylda háttsemi á sér stað eða henni lýkur. Þá má nefna að bætur fyrir misgjörðir samkvæmt íslenskum skaðabótarétti eru tvíþættar. Annars vegar er um að ræða miskabætur sem eru matskenndar bætur fyrir ófjárhagslegt tjón og svo hins vegar, bætur fyrir líkamstjón sem bæði geta verið fjárhagslegar vegna skerðingar á getu til öflunar á atvinnutekjum og ófjárhagslegar vegna skerðingar á lífsgæðum. Venja hefur verið að leggja mat læknis til hliðsjónar við sönnun á líkamstjóni. Tjón þolenda ofbeldis og illrar meðferðar á vistheimilum varð almennt ekki auðveldlega fellt undir þessar tegundir bóta og mjög flókið svo löngu síðar að meta líkamstjón og aflahæfi.

Nokkrar leiðir voru kannaðar til þess að leggja mat á mögulega bótaskyldu ríkissjóðs og hvaða leiðir væri unnt að fara til að bæta fyrir þær misgjörðir sem

fyrirverandi vistmenn urðu fyrir. Vegna þess að bótakröfur voru fyrndar og hversu torfær sönnun á tjóni var í öllum tilvikum var ekki unnt að líta svo á að ríkið hefði í raun fellt á sig bótaskyldu, heldur varð að fara aðra leið og að ríkið viðurkenndi bætur umfram skyldu. Bætur af þessu tagi hafa oft verið nefndar skaðabætur „Ex Gratia“ eða „af greiðasemi“ sem vísar til þess að engin eiginleg bótaskylda er til staðar, heldur greiðir ríkið umfram skyldu og hvert tilvik er metið fyrir sig.

## V. SANNGIRNISBÆTUR

Mál lík þeim sem komu upp á yfirborðið hér á landi í ársbyrjun 2007 höfðu komið víða upp og í mörgum ríkjum var brugðist við því með ýmsum hætti. Má þar nefna Noreg, Danmörku, Svíþjóð, Írland, Kanada og Ástralíu svo nokkuð sé nefnt. Skaðabótalöggjöf í þessum ríkjum er um margt mjög ólík því sem er á Íslandi nema í Danmörku en íslenska skaðabótalöggjöfin er fengin þaðan að mestu leyti. Þegar hafist var handa við undirbúning á bótagreiðslum hér á landi á árunum 2008-2010 hafði engin slík vinna farið fram í Danmörku og því ekki unnt að horfa þangað með fordæmi.

Í Noregi hefur allt frá 1814 verið í gildi það fyrirkomulag að norska þinginu hefur verið heimilt að greiða bætur vegna háttsemi eða athafnaleysis norska ríkisins umfram bótaskyldu, mæli veigamikil rök með því. Með þessum hætti hefur norska ríkið greitt bætur til einstaklinga sem hafa orðið fyrir ýmiss konar tjóni vegna ólögmætra aðgerða ríkisins, eða athafnaleysis þess, eins og vegna fangelsisdóma sem voru reistir á fölskum eða ótraustum sönnunargögnum, til einstaklinga sem máttu sæta ólögmætri herskyldu í síðari heimsstyrjöldinni, til einstaklinga sem áttu að njóta verndar ríkisins en fengu hana ekki og til einstaklinga sem voru þolendur ólögmætra læknisaðgerða, svo fáein tilvik séu nefnd. Takmörk eru sett á þær fjárhæðir sem norska ríkinu er heimilt að greiða í bætur með þessum hætti. Árið 2004 kom út skýrsla í Noregi þar sem kortlögð var vanræksla ríkisins hvað varðar eftirlit með starfsemi barnaverndarstofnana og sérskóla og þá illu meðferð sem börn sem þar dvöldu máttu sæta á árabílinu 1945–1980. Í kjölfarið greiddi norska ríkið verulegar fjárhæðir í bætur og nokkur fjölmennustu sveitarfélög landsins greiddu einnig verulegar bætur sem voru óháðar því sem ríkið greiddi.

Á tíunda áratug síðustu aldar komu upp á Írlandi vísbendingar um að börn sem dvöldu á opinberum stofnunum hefðu mátt þola illa meðferð af ýmsu tagi. Árið 2002 var sett þar í landi sérstök löggjöf þar sem komið var á fót bótaráði sem lagði mat á hvaða bætur skyldi greiða. Í kjölfarið greiddi írski ríkið verulegar bætur til mikils fjölda einstaklinga.

Haustið 2009 skipaði forsætisráðherra nefnd til að semja frumvarp til laga þar sem kveðið yrði á um greiðslu bóta vegna misgjörða sem vistmenn á vistheimilum kynnu að hafa verið beittir. Við samningu frumvarpsins var litið töluvert til þess fyrirkomulags sem var í Noregi við greiðslu bóta utan skyldu og þess fyrirkomulags sem tekið var upp á Írlandi í þeim tilgangi að bæta fyrir misgjörðir gagnvart börnum á opinberum stofnunum. Vinna nefndarinnar leiddi til þess að lagt var fram frumvarp til laga um sanngirnisbætur. Frumvarpið var samþykkt með smávægilegum breytingum og tóku löggin gildi 28. maí 2010 og eru nr. 47/2010. Í stuttu máli byggjast þau á þremur megin sjónarmiðum. Í fyrsta lagi teljast allar bótakröfur ófyrndar, þrátt fyrir að þær eigi rót sína að rekja til tjónsatburða sem urðu fyrir áratugum; í öðru lagi er vikið mjög frá þeim kröfum sem almennt eru um sönnun tjóns í skaðabótamálum og í þriðja lagi er gert ráð fyrir að unnt sé að hraða verulega afgreiðslu á þeim bótakröfum sem berast. Með lögnum var komið á fót starfi tengiliðar vistheimila til að aðstoða þá sem vilja lýsa kröfum að setja þær fram, auk þess sem í starfi tengiliðar er fólgin ýmiss konar ráðgjöf og aðstoð við bótakrefjendur. Með þessu fyrirkomulagi er dregið verulega úr þeim kostnaði sem myndi falla á annars vegar ríkissjóð og hins vegar bótakrefjendur við að leita sér aðstoðar við framsetningu krafna, auk þess sem unnt er að leita sérþekkingar á einum stað án endurgjalds. Þá er einn veigamikill þáttur laganna að bætur sem greiddar eru, falla undir 28. gr. laga um tekjuskatt, nr. 80/2003 og eru því skattfrjálssar. Ennfremur mynda greiddar bætur ekki stofn til frádráttar frá öðrum bótagreiðslum sem bótakrefjandi kann að njóta á grundvelli almannatrygginga. Með þessu er leitast við að tryggja að bætur séu að sem mestu leyti óskertar. Þá er ekki heimilt að skuldajafna sanngirnisbótum.

Með lögnum er gert ráð fyrir að kallað sé eftir bótakröfum með því að gefin verði út innköllun og í kjölfarið verði bætur boðnar með sáttaboði. Gert er ráð fyrir því að sýslumanni verði falin sá þáttur verksins. Sá sem ekki tekur sáttaboði eða fær bótakröfu sinni hafnað getur vísað málinu til nánari meðferðar hjá úrskurðarnefnd. Með ákvörðun ráðherra var sýslumanninum á Siglufirði falið að

annast þann hluta málsins sem snýr að verkefni sýslumanns. Frá 1. janúar 2015 er það sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra sem fer með verkefnið að undan- genginni sameiningu embætta. Ráðherra fól embættinu einnig að semja reglur um viðmiðunarfjárhæðir og aðferð við ákvörðun bóta. Voru þær svo staðfestar af ráðherra. Reglurnar eru í fylgiskjali með skýrslu þessari.

## 5.1 Nánar um skilyrði sanngirnisbóta

Það er megin skilyrði laganna að ríkissjóði sé heimilt að greiða sanngirnisbætur til þess sem hefur í fyrsta lagi dvalið á heimili eða stofnun sem fellur undir lög um vistheimilanefnd; í öðru lagi orðið fyrir ofbeldi eða illri meðferð við dvölinna og í þriðja lagi hlotið af því varanlegan skaða. Með hugtökunum „ill meðferð“ og „ofbeldi“ er vísað til afmörkunar vistheimilanefndar á því hvað felist í hugtökunum. Til þess að greiðsla bóta komi til álita þarf vistheimilanefnd að hafa lokið könnun á starfsemi viðkomandi heimilis eða stofnunar og skilað um hana skýrslu, auk þess sem innköllun á bótakröfum þarf að hafa farið fram. Bætur geta að hámarki orðið 6 milljónir króna, en sú fjárhæð skal taka breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysluverðs.

## 5.2 Innköllun

Þegar skýrsla vistheimilanefndar liggur fyrir um starfsemi hvers heimilis eða stofnunar skal sýslumaður gefa út innköllun á bótakröfum með auglýsingum í *Lögbirtingablaðinu* og útbreiddu dagblaði. Frestur til kröfulýsingar er þrjú mánuðir, en heimilt er að taka kröfur til greina í allt að tvö ár eftir að þeim fresti lýkur. Birta ber tvær auglýsingar með 14 daga millibili og telst þriggja mánaða fresturinn hefjast við birtingu síðari auglýsingarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að kröfur séu flóknar eða ítarlegar og lögin veita ekki heimild til greiðslu á kostnaði við að setja kröfurnar fram á þessu stigi, enda getur tengiliður vistheimila veitt alla þá aðstoð sem þarf við framsetningu kröfu. Sýslumaður skal gefa út eyðublað þar sem bótakrefjanda er unnt að lýsa kröfum sínum og skulu þar tilgreindar ástæður þess að bótakrefjandi telur sig eiga rétt á bótum, auk þess sem bótakrefjanda ber að veita sýslumanni aðgang að gögnum í vörslu vistheimilanefndar, þ.m.t. hljóðupptökum, er geta varðað úrlausn málsins. Að loknum kröfulýsingarfresti fer sýslumaður yfir innkomnar kröfur og gerir þeim

sem hann telur að uppfylli skilyrði laganna bindandi sáttaboð um greiðslu bóta. Þetta skal gert í samráði við ráðherra. Yfirferð krafna skal vera einföld og henni hraðað eins og kostur er. Sá sem fær slíkt sáttaboð hefur 30 daga til að taka því, að öðrum kosti telst boðið fallið niður.

### **5.3 Tengiliður**

Ráðherra skipar sérstakan tengilið sem hefur þau verkefni að koma upplýsingum til þeirra sem vilja lýsa kröfu, aðstoða við framsetningu kröfugerðar og annast upplýsingagjöf til þeirra sem kunna að eiga bótarétt. Þá skal tengiliður aðstoða þá sem eiga um sárt að binda við að nýta úrræði sem ríki og sveitarfélög kunna að veita í víðtækum skilningi. Starfið var auglýst laust til umsóknar í ágúst 2010 og var Guðrún Ögmundsdóttir félagsráðgjafi ráðin.

### **5.4 Ákvörðun fjárhæðar bóta**

Þegar sýslumaður fer yfir þær kröfur sem borist hafa ber honum að hafa til hliðsjónar skýrslu vistheimilaneftndar um starfsemi viðkomandi heimils eða stofnunar auk annarra opinberra gagna sem kunna að vera til staðar og varðað geta málið og skal hann meta sannleiksgildi frásagnar bótakrefjanda út frá þeim gögnum sem lögð hafa verið fram. Þá ber sýslumanni að gæta jafnræðis með því að horfa til dómaframkvæmdar varðandi ákvörðun bóta í sakamálum þar sem ofbeldisbrot höfðu verið framin, enda væru slík brot nátengd þeirri háttsemi sem margir höfðu mátt þola á vistheimilum. Nægilegt er að líkur séu til þess að viðkomandi hafi orðið fyrir tjóni til þess að gera megi honum tilboð um bætur. Afgreiðsla máls skal vera hraðvirk og er sýslumanni óskýlt að taka skýrslu af bótakrefjanda, en ætla má að það sé heimilt ef efni þykja til. Ekki liggur skylda á bótakrefjanda að gefa aðra skýrslu um málið en gert er á því eyðublaði sem liggur frammi. Þegar farið hefur verið yfir fyrirbyggjandi bótakröfu skal annaðhvort gera bótakrefjanda sáttaboð um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar eða hafna kröfunni ef ekki þykja forsendur til að verða við henni. Taki bótakrefjandi sáttaboðinu fellur hann að öllu öðru leyti frá kröfum á hendur ríkissjóði og sveitarfélögum með undirritun sinni á sáttaboð.

## 5.5 Erfðir og brottfall kröfu

Lýsi vistmaður ekki kröfu innan kröfulýsingarfrests, eða í síðasta lagi innan tveggja ára frá því að honum lauk, fellur krafan niður. Hafi kröfu verið lýst og bótakrefjandi andast áður en kemur að greiðslu bóta erfast bæturnar eftir almennum reglum erfðaréttarins. Hafi vistmaður látist áður en til innköllunar kom eða hann látist án þess að lýsa kröfu, enda þótt krafa hafi verið innkölluð, geta börn viðkomandi lýst kröfunni með sama hætti og vistmaður hafi gert það sjálfur. Þetta er aðeins bundið við börn viðkomandi en ekki aðra afkomendur eða maka, foreldra og systkini.

## 5.6 Skattleysi bóta

Í 12. gr. laga um sanngirnismætur er kveðið á um að bæturnar falli undir 28. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Með því er greiðsla bótanna gerð óskattskyld, en framtalsskyld eftir sem áður, en það sama gildir um greiðslu miskabóta og bóta fyrir varanlegt líkamstjón. Ennfremur er kveðið á um í 12. gr. að óheimilt sé að skuldajafna bótum vegna skulda við ríkissjóð, opinberar stofnanir eða sveitarfélög. Þá verður greiðsla sanngirnismæta ekki til þess að hafa áhrif á aðrar bætur sem bótakrefjandi kann að njóta á grundvelli almannatrygginga. Ennfremur eru bætur undanþegnar aðför eins og almennt gildir um bætur vegna líkamstjóns.

## 5.7 Úrskurðarnefnd

Ef bótakrefjandi tekur ekki sáttaboði eða ef kröfu hans hefur verið hafnað getur hann skotið máli sínu til úrskurðarnefndar sanngirnismæta sem úrskurðar þá um fjárhæð bóta til viðkomandi eða synjar bótagreiðslu eftir atvikum málsins. Gert er ráð fyrir að málsmeðferð úrskurðarnefndarinnar sé mun ítarlegri en málsmeðferð sýslumanns og að bótakrefjandi geti haft lögmann sér til fulltingis. Kostnaður vegna þess er þá greiddur að nokkru úr ríkissjóði. Í nefndinni sitja þrír sérfræðingar, lögfræðingur, læknir og sálfræðingur. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur og honum verður aðeins hnekkkt með því að mál verði höfðað til ógildingar hans. Verði það gert ber að höfða málið gegn úrskurðarnefndinni. Ekki



er unnt að höfða mál um ákvörðun sýslumanns. Í nefndina voru skipuð Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögfræðingur, sem er formaður nefndarinnar, Andrés Magnússonar geðlæknir og Vigdís Erlendsdóttir sálfræðingur. Síðar í skýrslunni verður vikið að starfsemi nefndarinnar.

## **VI. UNDIRBÚNINGUR VERKEFNISINS**

Á haustdögum 2010 var hafist handa við undirbúning verkefnisins. Tengiliður hóf störf 1. október sama ár. Ákveðið var að skrifstofa tengiliðar skyldi fyrst um sinn skyldi vera á sama stað og vistheimilanefnd var til húsa, eða í Tollstöðinni við Tryggvagötu. Aðgengi að skrifstofum vistheimilanefndar annars vegar og skrifstofu tengiliðar hins vegar var þó með þeim hætti að aðgreint var þar á milli. Á þessum tíma hafði nefndin ekki lokið vinnu sinni og úttektum og var enn að taka viðtöl við ýmsa einstaklinga vegna málsins. Ljóst mátti vera að fyrir mörgum var málið afar viðkvæmt og margir óttuðust viðbrögð samfélagsins ef það kæmist í hámmæli að þeir hefðu dvalið á vistheimili sem börn. Það lá því fyrir að spor margra á skrifstofu tengiliðar yrðu þung og blandin trega. Vegna þess var haft í huga við skipulag á starfsemi tengiliðar að skrifstofan yrði ekki á áberandi stað. Að auki hentaði staðsetning skrifstofunnar ágætlega þar sem ýmis önnur starfsemi var í húsinu á þessum tíma og því minni hættu á að þeir sem vildu leita til tengiliðar hyrfu frá af ótta við að vera opinberaðir.

Þetta fyrirkomulag reyndist afar vel. Góð aðstaða var á skrifstofu og á biðstofu. Hægt var að halda minni fundi í skrifstofurýminu og svo var góð samnýting á sameiginlegu rými og fundaraðstöðu ásamt aðgengi að ljósritunarfél, kaffiaðstöðu og þeim gögnum sem oft þurftu að fylgja umsóknum um sanngirnissbætur. Í upphafi var mikilvægt að kortleggja hvernig haga skyldi starfinu, allri skipulagningu á málum, viðtölum, símtölum, símatímum, úrvinnslu og frágangi og samstarfi við sýslumannsembættið á Siglufirði sem myndi ákveða bætur og gera bótakrefjendum sáttaboð. Huga þurfti því hvernig skráningu yrði háttað bæði varðandi umsóknirnar sjálfar og sérskráning á öllum umsóknum í lokuðu tölvukerfi. Útbúa þurfti vefsíðu og sérstakt netfang ásamt fjölmörgu öðru sem þurfti að sinna strax í upphafi.

Fyrir hönd sýslumannsins á Siglufirði annaðist Halldór Þormar Halldórsson verkefnið. Hann hafði þá um nokkurra ára skeið veitt forstöðu skrifstofu bótanefndar vegna þolenda afbrota sem var staðsett hjá embættinu. Nefndin hefur það hlutverk að ákveða greiðslu bóta úr ríkissjóði til þolenda ofbeldisbrota og því ákveðinn snertiflötur þar á milli og mikil reynsla af skyldum málum. Þessi reynsla reyndist afar halddrjúg.

Eins og oft áður hér á landi var fyrirvarinn með styttra móti vegna gríðarlegra væntinga og þrýstings sem þeim fylgdi. Strax á fyrsta degi varð mikið álag og einnig bar á mikilli óánægju að hálfu Breiðuvíkursamtakanna í upphafi starfans og því var afar mikilvægt að byggja upp traust gagnvart þeim hópi. Í þeirri áskorun reyndist fólgin mikil vinna. Hluti af því starfi gekk upp en annað ekki, eins gengur í svona viðamiklu verkefni.

Um var að ræða risavaxið og einstakt verkefni sem hafði aldrei verið unnið áður í íslensku samfélagi og því voru engar fyrirmyndir hérlendis til að styðjast við. Því var lítið hægt að sjá hvað var fram undan hverju sinni og nauðsynlegt að vinna verkið og skipuleggja eftir því sem það vannst. Til grundvallar allri vinnunni voru fyrirliggjandi skýrslur vistheimilaneftndar og þau viðtöl sem þar voru tekin við fyrrum vistmenn, forstöðumenn heimilanna og starfsfólk þeirra, auk þess sem nokkrir sérfræðingar komu að starfi nefndarinnar. Hér var í raun verið að brjóta blað, en hægt að styðjast við þær fyrirmyndir erlendis frá sem nefndar hafa verið hér að framan.

## **VII. TENGILIÐUR**

Ytri umgjörðin um starfsemi tengiliðar var með besta móti eins og áður kom fram. Allan tímann naut tengiliður góðrar þjónustu og mikils stuðnings innanríkisráðuneytis og síðar dómsmálaráðuneytisins í kringum allt verkefnið. Starfsemin flutti nokkrum sinnum á tímabili verkefnisins, en það truflaði verkefnið lítið þar sem aðgengi var jafnan hið sama og í upphafi.

**7.1** Útbúin var lokuð málaskrá sem aðeins tengiliður hafði aðgang að og þar voru allar umsóknir skráðar inn í hana. Umsóknir voru skráðar eftir hverju vistheimili, allt eftir því sem verkefninu vatt fram en ekki var búið að gera úttekt á öllum heimilum þegar verkefnið hófst.

**7.2** Útbúin var vefsíðan Tengiliður vistheimila, [www.tengilidur.is](http://www.tengilidur.is). Þar voru skráðar allar helstu upplýsingar um hvernig hægt væri að ná sambandi í tölvupósti eða beinan síma, hvaða heimili voru til innköllunar frá sýslumanni, umsóknareyðublöð ef fólk vildi sjálf sjá um umsókn sína eða fá aðstoð annars staðar við gerð hennar, ýmsir gagnlegir tenglar t.d. á skýrslur vistheimilanefndar. Einnig var sérstakur hnappur á vef innanríkisráðuneytisins sem hægt var að smella á til að senda tölvupóst til tengiliðar.

**7.3** Tengiliður ákvað strax að skrá öll símtöl þannig að hægt væri að sjá og greina umfangið í kringum hvert heimili, sem er í raun umfang þess hluta starfseminnar sem oft er ósýnilegur þeim sem standa utan verkefnisins.

**7.4** Til að auðvelda yfirsýn yfir verkefnið ákvað tengiliður að gefa hverju heimili ákveðinn lit fyrir umsóknir, en það auðveldaði greiningu á því hvað mikið væri komið inn af umsóknum tengdum hverju heimili og einfaldaði mjög alla leit. Þegar sótt var um sanngirnissætur í tengslum við það heimili sem var í innköllun var einnig hægt að merkja við önnur heimili sem viðkomandi hafði dvalið á en voru ekki komin til innköllunar. Þetta fyrirkomulag reyndist gagnlegra eftir því sem málum fjölgaði og vistheimilin urðu fleiri.

**7.5** Tengiliður mat í upphafi að ekki yrði hægt að taka fleiri en fjögur viðtöl á dag og reiknaður var klukkutími fyrir hvert viðtal. Þetta var ákveðið með það að leiðarljósi að tengilið væri með þessu unnt að gefa sig alveg að viðmælandanum, enda mörg viðtölin þung og erfið. Þá ákvað tengiliður að hafa ekki viðtöl á föstudögum þar sem mikil frágangsvinna var við hverja umsókn og mörg atriði sem þurfti að fara yfir varðandi hvert mál fyrir sig. Þetta gekk þó ekki alltaf eftir, sérstaklega ekki í upphafi verkefnisins. Gríðarlegt álag varð á stundum þar sem tengiliður sinnti einn starfinu og stundum var bankað og hringt á meðan viðtal var tekið. Það reyndist nauðsynlegt að spila verkefnið af fingrum fram og reyna að þjóna öllum sem

best og styðja alla. Það reyndist ekki vel að hafa fasta viðtalstíma þar sem margir voru í þannig stöðu að slíkt hentaði þeim mjög illa því að þeir voru ekki í aðstöðu til að komast í tölvupóst eða síma.

## VIII. SÝSLUMANNSEMBÆTTIÐ Á SIGLUFIRÐI

Við upphaf verkefnisins í júlímánuði 2010 varð ljóst að verkefnið yrði mjög erfitt og krefjandi á margan hátt. Málið var í eðli sínu mjög viðkvæmt og margir þeirra sem í hlut áttu voru orðnir ópreyjufullir að fá úrlausn sinna mála, sem þeir höfðu beðið eftir áratugum saman. Ekki síst var verkefnið erfitt viðfangs vegna þeirra væntinga sem byggst höfðu upp í kringum fyrirhugaðar bótagreiðslur. Þá lá fyrir að um var að ræða mjög ólíkar stofnanir, langt tímabil sem starfsemin náði yfir og ólíkar samfélagsgerðir á hverjum tíma. Stofnanirnar störfuðu við ólík skilyrði og bótakrefjendur höfðu ekki allir orðið fyrir sama tjóni. Þar af leiðandi var vitað mál að erfitt yrði að finna út fjárhæð bóta til hvers og eins þar sem bæturnar yrðu að vera einstaklingsmiðaðar.

Fyrsta verkefnið var að semja reglur um sanngirnisbætur og var það gert af umsjónarmanni sanngirnisbóta í ágúst mánuði 2010. Til hliðsjónar var ákveðið að nota að hluta það kerfi sem tekið var upp á Írlandi í byrjun aldarinnar. Eitt helsta vandamálið lá í því að búa til samræmi varðandi fjárhæðir bóta og því var ákveðið að fara þá leið að búa til kerfi þar sem bótakrefjanda yrðu veitt miskastig á bilinu 0–100, allt eftir því hvaða tjóni viðkomandi hafði orðið fyrir. Hvert miskastig gaf því tiltekna fjárhæð sem var 1/100 af hámarksbótum, sem voru breytilegar eftir vísitölu eins og fram kemur fyrir í skýrslunni. Útbúið var eyðublað þar sem fyllt var inn matskennt eftir upplýsingum sem bótakrefjandi gaf í umsókn sinni, í sérstakri greinargerð eða viðtali við vistheimilanevnd. Þetta fyrirkomulag reyndist vera eina færa leiðin til að meta bætur eftir jafnræði, en það kom á daginn eftir því sem verkefnið vannst áfram að það var aðeins unnt að nota kerfið lauslega til stuðnings vegna þess hversu ólík heimilin voru og aðstæður á þeim, auk þess sem verulegur skortur var á gögnum í mörgum tilvikum.

Í framhaldi fór fram úttekt á dómum er varðað gætu málið með nokkrum hætti og það sem kynni að vera að finna í öðrum lögum og skipti máli. sem gætu skipt máli, efni frumvarps til laga um sanngirnisbætur var kannað í þaula og

upplýsinga aflað um framkvæmd þessara mála í öðrum ríkjum. Naut umsjónarmaður sanngirnisbóta þar á meðal liðsinnis einstaklinga hjá norska og sænska dómsmálaráðuneytinu, sem hann hafði átt í samskiptum við vegna annars verkefnis og einnig veitti Thelma Þorbjörg Sigurðardóttir laganemi aðstoð við yfirferð og reifun dóma.

**8.1** Innköllun á bótakröfum í samræmi við 5. gr. laga um sanngirnisbætur fór fram eftir því sem hentaði framgangi verkefnisins, en innköllun fór að mestu fram í þeirri röð sem skýrslur vistheimilaneftndar voru birtar og kynntar. Ýmist var kallað eftir kröfum vegna eins heimilis eða tveggja, allt eftir umfangi.

**8.2** Innkallanir voru birtar í *Lögbirtingablaðinu* eins og lög gera ráð fyrir. Einnig bar að birta innköllun í einu dagblaði sem hafði víðtæka dreifingu. Þegar ákveðið var hvaða blað yrði fyrir valinu var það eingöngu út frá þeim kjörum sem voru hagstæðust og voru innkallanir flestar birtar í *Fréttablaðinu* en tvær voru birtar í *Morgunblaðinu*.

**8.3** Þegar innköllun var langt komin á leið var farið nákvæmlega yfir skýrslu vistheimilaneftndar og niðurstöður hennar. Þær kröfur sem borist höfðu voru kannaðar til þess að kortleggja starfsemi hvers heimilis eins og unnt var og búa til líkan að því hvernig bætur voru metnar. Einnig var aflað blaðagreina og fréttar sem birtar höfðu verið í gegnum tíðina um starfsemi heimilanna.

**8.4** Þegar innköllun var lokið var farið yfir þær umsóknir sem bárust, þær skráðar í Excel-skjal þar sem ekki var til sérstakt málaskráningarkerfi fyrir umsóknir um bætur hjá sýslumannsembættinu. Kannað var hvort frekari upplýsinga var þörf og samband haft við tengilið eða bótakrefjanda sjálfan. Í sumum tilvikum þurfti að afla gagna frá vistheimilaneftnd eða skjalasöfnum. Stundum fylgdi með umsókn endurrit af því viðtali sem vistheimilaneftnd tók við viðkomandi, ef því var til að dreifa. Í öðrum tilvikum var þess aflað af umsjónarmanni sanngirnisbóta. Mörgum umsóknum fylgdi töluvert af

gögnum, greinargerðir bótakrefjanda, bréf, bókanir barnaverndaryfirvalda og ýmiskonar önnur eldri gögn svo nokkuð sé nefnt

**8.5** Samkvæmt lögum um sanngirnissbætur ber að gera sem flestum bótakrefjendum sáttaboð á sama tíma. Þetta er mjög eðlilegt vinnulag því að það hefði aukið mjög á álag og þrýsting á verkefnið ef sáttaboðin hefðu verið send út í ólíkri tímaröð. Þá hefði viðtakandi mögulega tilkynnt öðrum niðurstöðuna og þeir að líkindum haft samband til að óska hærri bóta. Þetta tókst ekki í öllum tilvikum þar sem alltaf stóðu einhver mál út af borðinu vegna skorts á upplýsingum eða gögnum, en í öllum tilvikum var um að ræða lítinn hluta krafna. Þetta var ekki látið tefja fyrir sáttaboðum og var leyst síðar úr þeim málum þar sem svo háttaði.

**8.6** Um hver áramót var reiknuð ný fjárhæð hámarksbóta og útreikningur bóta fyrir hvert miskastig uppfærður eftir því. Þetta er í samræmi við ákvæði laganna sem gera ráð fyrir að hámarksbætur hækki um hver áramót eftir þeim verðlagsbreytingum sem orðið hafa.

**8.7** Þegar í stað varð mikið álag á umsjónarmann sanngirnissbóta og skrifstofu sýslumanns. Símtölum hreinlega rigndi inn og svo fór að ákveðið var að hafa fastan símatíma frá 9–12 alla virka daga nema föstudaga. Mjög mikill tími fór í marga þeirra sem höfðu samband, bæði þar sem þeir voru mjög ósáttir og tortryggir. Margir þeirra sem höfðu reglulega samband höfðu lengi lifað miklu óreglulífi og urðu þau samskipti oft mjög erfið þar sem lítill skilningur ríkti á því að verkefnið tæki langan tíma og ekki væri hægt að millifæra beint til viðkomandi þegar í stað.

**8.8** Þegar fjárhæð bóta hafði verið ákveðin var útbúið skjal með sáttaboði (sjá sýnishorn í viðauka) og sent bótakrefjanda. Skjalinu fylgdi staðlað bréf sem var þrjár síður. Fyrsta síðan var um formsatriði málsins almennt; á annarri síðu voru útskýringar á því hvernig fjárhæð bóta væri ákvörðuð almennt séð og þriðja síðan veitti upplýsingar um málskotsleið til úrskurðarnefndar. Ef kröfu var aftur á móti hafnað var bréfið tvær síður þar

sem annars vegar var tilkynnt um synjun bótagreiðslu og ástæður hennar og hins vegar málskotsleið.

**8.9** Bréfin voru send í ábyrgðarpósti fram til ársins 2015. Þetta var talið nauðsynlegt til að sanna að bréf hafði verið sent, en eins og komið hefur fram voru margir bótakrefjendur afar tortryggirnir í garð yfirvalda. Frá árinu 2015 hafa bréf verið send í almennum pósti.

## **IX. SÁTTABOÐ**

Innköllun á bótakröfum frá fyrrum vistmönnum á Breiðavíkurheimilinu lauk 27. janúar 2011. Yfirferð krafna var lokið um mánaðamót febrúar og mars. Eins og fram hefur komið bar sýslumanni að gera sáttaboð um greiðslu bóta í samráði við ráðherra. Ekki kemur sérstaklega fram í lögnum hvernig þessu samráði skuli háttað, en ákveðið var að það verðklag yrði haft að bóka fund með ráðherra, tengilið, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjórum þeirra skrifstofa sem að málinu komu. Þar var verkefnið rætt almennt og kynntar tillögur að einstökum fjárhæðum bóta miðað við tjón einstaklinga og hver tillaga rökstudd stuttlega. Fundur vegna fyrirhugaðra sáttaboða, sem gera átti fyrrum vistmönnum á Breiðavík, var haldinn miðvikudaginn 9. mars 2011. Sáttaboð voru send út 15. mars, en dagana fram að því var gríðarlegt álag á skrifstofu sýslumanns og skrifstofu tengiliðar vegna fyrirspurna, auk þess sem mikið var hringt í pósthúsið á Siglufirði og spurt hvort bréfin væru komin til útburðar. Þetta sýnir að þær væntingar sem uppi voru til verkefnisins.

Síðar í skýrslunni er rakinn fjöldi umsókna fyrir hvert heimili og farið nánar yfir sáttaboðin.

Það er skemmst frá því að segja að svo virtist sem viðtakendur sáttaboðanna væru almennt gríðarlega óánægðir með þær fjárhæðir bóta sem í boði voru. Þegar í stað var mjög áberandi að nokkur hópur einstaklinga í Breiðavíkur-samtökunum virtist kynda kerfisbundið undir þá óánægju. Að auki fóru af stað sögur sem sneru persónulega að þeim sem að verkefninu stóðu þar sem því var haldið fram að þeir hefðu sjálfir haft fjárhagslegan ávinning af málinu og því væri lítið eftir til að greiða bætur. Reyndi mjög á þá sem að verkefninu komu að sýna rósemi og láta málið ganga yfir eins og unnt var. Á endanum tók allur meginþorri

bótakrefjanda þeim bótum sem í boði voru og fáeinum málum var beint til úrskurðarnefndar sanngirnisbóta. Um nefndina, málafjölda og starfsemi hennar er fjallað í XIV. kafla. Frestur til að taka sáttaboði er samkvæmt reglum um sanngirnisbætur 30 dagar frá móttöku. Í framkvæmd hefur aldrei verið látið reyna á þá reglu og öll sáttaboð sem bárust undirrituð voru tekin til greina þrátt fyrir þennan annmarka.

## **X. BÓTAFJÁRHÆÐIR**

Eins og fram hefur komið var verkefnið mjög víðfeðmt. Um var að ræða níu stofnanir sem störfuðu á ólíkum grunni og á ólíkum tímabilum. Dvalartími var líka afar mismunandi, allt frá tveimur til þremur dögum og upp í 14 ár. Í athugasemdum við frumvarp til laga um sanngirnisbætur segir að við ákvörðun bóta sé, með tilliti til jafnræðisreglunnar, nauðsynlegt að hafa til hliðsjónar fjárhæðir bóta í sakamálum. Við úttekt á bótum sem dæmdar voru þolendum alvarlegra ofbeldisbrota var um að ræða fjárhæðir sem voru mjög fjarri því sem væntingar voru um hjá þolendum illrar meðferðar og ofbeldis á vistheimilum. Umsjónarmaður sanngirnisbóta taldi að víkja mætti frá þessu skilyrði laganna vegna þriggja veigamikilla atriða án þess að vikið yrði verulega frá jafnræðissjónarmiðum og lagði það fyrir ráðherra ásamt tillögum um greiðslu bóta, sem féllst á að þau gætu átt við. Þessi atriði voru:

1. Fyrrum vistmenn á vistheimilum höfðu þurft að bíða mjög lengi eftir úrlausn mála sinna, í flestum tilvikum í nokkra áratugi, en aftur á móti fá þolendur ofbeldisbrota yfirleitt úrlausn sinna mála á tiltölulega skömmum tíma.
2. Málin voru orðin mjög gömul og bótakrefjendur þurftu að rifja upp erfiðar minningar sem í mörgum tilvikum setti úr skorðum líf þeirra, sem tekið hafði mörg ár að koma í fastar skorður. Þolendur ofbeldisbrota fá annan tíma til að koma sínu lífi í fastar skorður.
3. Margir þeirra sem dvöldu á vistheimilum urðu fyrir verulegri skerðingu á grunnskólanámi sem olli þeim varanlegu tjóni.



Hæstu bætur sem greiddar voru náðu hámarki samkvæmt ákvæðum laganna og framreiknaðri fjárhæð. Hæstu fjárhæðir sem greiddar hafa verið í sanngirnisbætur nema um 7,3 milljónum króna. Lægstu bætur sem greiddar voru námu 150 þúsund krónum.

## **XI. INNKALLANIR OG MÁLSMEÐFERÐ**

Innköllun vegna vistheimilisins í Breiðavík lauk eins og áður sagði 27. janúar 2011. Næsta innköllun var vegna bótakrafna frá fyrrverandi nemendum Heyrnleysingjaskólans og vistmönnum á vistheimilinu að Kumbaravogi. Henni lauk 20. maí 2011. Þriðja innköllunin var á bótakröfum frá fyrrverandi vistmönnum á skólaheimilinu Bjargi á Seltjarnarnesi og vistmönnum á vistheimilinu Reykjahlíð í Mosfellsdal. Henni lauk 20. október 2011. Fjórða innköllunin var á bótakröfum frá fyrrverandi vistmönnum á vistheimilinu Silungapólli. Henni lauk 22. janúar 2012. Fimmta innköllunin var vegna bótakrafna frá fyrrverandi nemendum heimavistarskólans að Jaðri. Henni lauk 20. apríl 2012. Sjötta innköllunin var á bótakröfum frá fyrrum vistmönnum á Upptökuheimili ríkisins. Henni lauk 20. júní 2012. Síðustu innkölluninni lauk í desember 2012, en það var á bótakröfum vegna vistunar á Unglingaheimili ríkisins.

Við framkvæmd verkefnisins sneru flestir sér til tengiliðar, enda hafði starfsemi tengiliðar verið vel kynnt. Um 95% umsókna voru unnar hjá tengilið eða fóru að mestu leyti um skrifstofuna. Við undirbúning umsóknar var viðhaft það verklag að viðtal var tekið við bótakrefjanda, umsókn útbúin og undirrituð af viðkomandi. Því næst var hún skönnuð inn og send til sýslumanns rafrænt. Frumritið var sent í ábyrgðarpósti til sýslumanns til meðferðar. Þetta var gert til að bæði flýta ferlinu og tryggja að umsókn bærist. Í mörgum tilvikum kom sami einstaklingurinn til viðtals oft en einu sinni í tilefni af umsókn sinni.

Til þess að lýsa kröfu var unnt að fara nokkrar leiðir.

- a) Bótakrefjandi bókaði viðtalstíma og umsókn var unnin hjá tengilið, sem gekk frá umsókn og sendi sýslumanni. Tengiliður aflaði einnig afrits af viðtali hjá vistheimilanefnd ef því var til að dreifa.
- b) Bótakrefjandi bókaði viðtalstíma og lagði fram eigin greinargerð sem tengiliður sendi sýslumanni ásamt umsókn. Ef viðtali við vistheimilanefnd var til að dreifa aflaði sýslumaður þess.
- c) Bótakrefjandi vann umsókn sína alfarið sjálfur og sendi beint til sýslumanns.
- d) Bótakrefjandi fékk aðstoð annars staðar frá við gerð umsóknar, t.d. lögmanns eða félagsráðgjafa, og sendi umsóknina til sýslumanns. Þar sem aðstoð tengiliðar og sýslumanns var gjaldfrjáls var ekki greiddur kostnaður sérstaklega vegna utanaðkomandi aðstoðar, enda ekki lagaheimild til þess og þurftu bótakrefjendur að bera þann kostnað sjálfir.
- e) Nokkrir bótakrefjendur gerðu sér ferð til sýslumanns og umsjónarmaður sanngirnibóta aðstoðaði við gerð umsóknar.

Umsjónarmaður sanngirnibóta fór yfir hvert mál, prentaði út sérstakt blað til yfirferðar (sjá sýnishorn í viðauka), merkti inn matskennt eftir þeim atriðum sem bótakrefjandi lýsti. Atriðin sem merkt voru inn höfðu mismikið vægi í miskastigum talið, auk þess sem skýrsla vistheimilanefndar, dvalartími og fleiri atriði skiptu þar máli. Þá var hver frásögn skoðuð með tilliti til trúverðugleika. Þar var m.a. haft í huga að ef frásögnin væri mjög frábrugðin frásögnum annarra fyrrum vistmanna væru veruleg líkindi til að bótakrefjandi blandaði saman ólíkum atburðum, minningar væru ekki réttar eða aðrar ástæður lægju þar að baki. Þegar fjöldi miskastiga var talinn var unnt að reikna út bætur og gera viðkomandi sáttaboð. Þessi aðferð reyndist ekki að öllu leyti fær eins og verður rakið síðar. Eins og fram hefur komið voru fjárhæðir bóta jafnan ákveðnar í samráði við ráðherra að því marki sem unnt reyndist.

Þegar sáttaboði hafði verið tekið og það borist sýslumanni var send greiðslubeiðni til innanríkisráðuneytisins sem greiddi bæturnar til bótakrefjanda í samræmi við þær reglur og takmarkanir sem lög setja.

## **XII. HEIMILI OG STOFNARNIR**

Um var að ræða níu heimili, stofnanir og sérskóla sem lutu könnun vistheimilanefnar. Verður nú vikið lauslega að hverju heimili og stofnun fyrir sig, meðferð á bótakröfum og önnur atriði sem skiptu máli. Ekki verður farið ítarlega í niðurstöður könnunar vistheimilanefnar í hverju tilviki enda hefur nefndin skilað ítarlegum og aðgengilegum skýrslum um það.

**12.1 Vistheimilið Breiðavík** starfaði frá árinu **1952** og fram til ársins **1979**. Það var rekið af ríkinu og tilgangur þess var í upphafi að vera úrræði til uppeldis barna og unglinga sem höfðu ýmist brotið lög eða ekki virt reglur samfélagsins að einhverju leyti. Þegar á reyndi voru tildrög þess að börn og unglingar voru send á heimilið þó ekki alltaf ljós. Forstöðumenn þess voru átta talsins, en einn þeirra var forstöðumaður í tvö tímabil. Í skýrslu vistheimilanefnar kom fram að tímabilin voru afar ólík og það hefði ráðist nokkuð af skipulagi heimilisins sem og því hver var forstöðumaður þess. Þá var starfstími heimilisins 27 ár og á þeim tíma breyttist tíðarandi og samfélagsviðhorf verulega.

Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvað margir voru vistaðir á heimilinu en líkur benda til þess að ríflega 150 einstaklingar hafi verið vistaðir þar. Allmargir þeirra sem voru vistaðir á heimilinu voru látnir þegar málið var til meðferðar og í allmörgum tilvikum lýstu börn látinna vistmanna kröfum í samræmi við heimild laganna. Bótakrefjendur greindu almennt í umsóknum sínum frá upplifun sem var mjög áþekk því sem lýst er nánar í skýrslu vistheimilanefnar. Ljóst var af frásögnum vistmanna að tímabilin í starfsemi skólans voru býsna ólík. Fram kemur þó að stór hluti vistmanna hafi mátt þola verulegt ofbeldi og oft á tíðum mikla vanrækslu.

Alls bárust **128** umsóknir, af þeim voru **118** frá körlum og **10** frá konum.

**12.2 Heyrnleysingjaskólinn** starfaði sem sérskóli frá árinu **1909** og fram til ársins **2002**, þegar starfsemi hans var felld inn í almenna skólakerfið. Í fyrstu hét hann Málleysingjaskólinn og var nafninu breytt árið 1962 og síðan aftur í Vesturhlíðarskóli árið 1995. Allmargir veittu skólanum forstöðu eðli málsins samkvæmt þar sem hann starfaði mjög lengi. Vistheimilanefnd afmarkaði

könnun sína á starfsemi skólans við tímabilið frá árinu 1947 og til ársins 1992, þrátt fyrir að skólinn hafi starfað töluvert lengur. Í skýrslu nefndarinnar er að finna skýringu á því að tímabilið var afmarkað með þessum hætti, en ákveðið var að miða upphaf könnunar við árið 1947 vegna þess að þá tóku gildi fyrstu heildstæðu barnaverndarlögin hér á landi og eftir það var mun einfaldara að staðreyna hvenær börnum taldist misboðið. Ákveðið var að enda könnunina við árið 1992 vegna þess að hlutverk nefndarinnar var ekki að kanna eða upplýsa brot sem kynnu að hafa verið framin og þegar könnun nefndarinnar hófst voru öll möguleg brot sem framin voru fyrir árið 1993 fyrnd að lögum. Síðar kom í ljós að þessi nálgun nefndarinnar stóðst ekki lög. Einn fyrirverandi nemandi sem hafði m.a. verið nemandi þar á árunum 1993–1997 stefndi ríkinu til ógildingar á ákvörðun úrskurðarnefndar, eftir að hafa verið synjað um greiðslu sanngirnisbóta fyrir þetta tímabil. Dómur féll í desember 2015 þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að vistheimilanefnd hefði skort umboð ráðherra til að afmarka tímabilið með þessum hætti og það teldist brot á jafnræðisreglu að gera það. Þetta varð til þess að innköllun á bótakröfum vegna skólans fór fram tvívegis. Fyrst árið 2011 þar sem kallað var eftir kröfum vegna tímabilsins 1947–1992 og svo aftur árið 2016 þar sem kallað var eftir kröfum vegna tímabilanna 1909–1946 og 1993–2002. Þegar innköllun var gefin út lá fyrir að beita þyrfti annarri nálgun en vegna annarra heimila í ljósi þess að erfiðleikar yrðu í tjáskiptum við marga bótakrefjendur sökum fötlunar þeirra. Ákveðið var að vinna verkefnið í náinni samvinnu við Félag heyrnarlausra og héldu tengiliður og umsjónarmaður sanngirnisbóta fund með félagsmönnum þar sem fyrirkomulag málsins var kynnt með aðstoð táknmálstúlka. Tengiliður tók svo viðtöl við bótakrefjendur með aðstoð túlka. Þessi samvinna við Félag heyrnarlausra reynist afar vel og varð lykilatriði við úrlausn málsins enda áttu umsjónarmaður sanngirnisbóta og tengiliður sérstaklega gott samstarf við Lailu Margréti Arnþórsdóttur, ráðgjafa hjá félaginu, og Daða Ólafsson, framkvæmdastjóra félagsins og er þeim þakkað einstakt samstarf

Í umsóknum greindu bótakrefjendur frá því að vistin í skólanum hefði almennt verið þeim mjög erfið, ekki síst vegna þeirrar stefnu sem rekin var í málefnum heyrnarlausra um áratuga skeið og leiddi að sögn til þess að þeir áttu í miklum erfiðleikum með tjáskipti við umheiminn. Dvalartími margra var mjög langur eða oft 12–14 ár í samræmi við þágildandi lagafyrirmæli um uppfræðslu heyrnarlausra og greindu margir frá því að þeir hefðu oft verið fjarri fjölskyldu

sinni árum saman, sem hafi reynst mjög þungbært. Þá greindu margir frá því að námsefni og kennsla í skólanum hefði verið mjög léttvæg og þeir misst af mörgum tækifærum vegna þess. Þá var fyrirliggjandi að margir fyrrum nemendur höfðu ekki lært að lesa og áttu í miklum erfiðleikum með að skilja umhverfi sitt. Einnig greindu margir frá verulegu kynferðisofbeldi af hálfu annarra nemenda, sem og utanaðkomandi einstaklinga.

Ekki liggur með öllu ljóst fyrir hve margir nemendur voru við skólann á starfstíma hans. Eins og vikið er að hér að framan var tvívegis gefin út innköllun á bótakröfum frá fyrrum nemendum skólans og.

Alls bárust **166** umsóknir. Af þeim voru hlutföll á milli karla og kvenna næstum jöfn eða **85** karlar og **81** kona.

**12.3 Vistheimilið Kumbaravogur við Stokkseyri** starfaði frá árinu **1965** og fram til ársins **1984**. Heimilið var einkarekið og alla tíð rekið af sömu aðilum á grundvelli opinbers leyfis og um tíma var einnig rekið þar annað heimili af sömu aðilum og nefndist það Snekkjuvogur.

Samkvæmt því sem næst verður komist dvöldu **36** einstaklingar á heimilinu á starfstíma þess og margir þeirra dvöldu þar í allmörg ár, en heimilið var rekið fyrst og fremst fyrir börn sem komu úr erfiðum uppeldisaðstæðum og virðist hafa haft þann tilgang að búa þeim annað heimili frekar en að vera stofnun. Frásagnir vistmanna voru nokkuð í samræmi við það sem kom fram í skýrslu vistheimilanefndar en þó greindu margir fyrrum vistmenn að auki frá því að mikil vinnuskylda hefði verið lögð á börn á heimilinu og miklu meiri en eðlilegt gæti talist. Einnig var um að ræða kynferðisofbeldi af hálfu utanaðkomandi aðila.

Alls bárust **22** umsóknir, af þeim voru **12** frá körlum og **10** frá konum.

**12.4 Skólaheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi** starfaði á árunum **1965–1967** og var rekið af Hjálpræðishernum á grundvelli opinbers leyfis. Heimilið var ætlað stúlkum á aldrinum 14–16 ára.

Á hinum stutta starfstíma heimilisins dvöldu þar 20 stúlkur í lengri eða skemmri tíma. Af einhverjum ástæðum virðist sú venja hafa komist á að senda stúlkur

þaðan til dvalar á Upptökuheimili ríkisins sem þá var rekið í starfsmannaíbúð Kópavogshælisins þar sem þær sættu í mörgum tilvikum einangrun í lengri eða skemmri tíma, ýmist. Þetta var ýmist áður en dvölin á Bjargi hófst eða notað sem viðurlög við agabroti á Bjargi. Flestar þeirra snéru aftur að Bjargi eftir vistunina á Upptökuheimilinu. Heimilinu var lokað árið 1967 í kjölfar rannsóknar yfirvalda á starfseminni vegna stroks stúlku af heimilinu. Þegar farið var yfir bótakröfurnar var í fyrstu litið svo á að dvalartími á Bjargi og sá tími sem stúlkurnar máttu eyða á Upptökuheimilinu væri ein heild og bætur skyldu ákveðnar í samræmi við það. Þessu reyndust bótakrefjendur ekki sammála og þegar innköllun fór fram á bótakröfum frá fyrrum vistmönnum á Upptökuheimili ríkisins lýstu margar einnig kröfu þar. Þeim var hafnað þar sem talið var að leyst hefði verið úr málinu á fyrri stigum. Nokkrir bótakrefjanda skutu þeirri niðurstöðu til úrskurðarnefndar og að því loknu varð það úr að öllum þeim sem höfðu einnig dvalið á Upptökuheimili ríkisins var gert sérstakt sáttaboð vegna þess.

Í skýrslu vistheimilaneftndar um heimilið er ekki fjallað um einangrunarvistina á Upptökuheimilinu, heldur er það gert í skýrslu hennar um starfsemi Upptökuheimilisins. Bótakrefjendur lýstu dvölinni á Bjargi sem vondri upplifun og ljóst að einangrunarvist sú sem margar máttu sæta var mjög þungbær reynsla.

Alls bárust **18** umsóknir og voru þær allar frá konum enda var heimilið aðeins hugsað fyrir stúlkur.

**12.5 Vistheimilið að Reykjahlíð í Mosfellssveit** starfaði frá árinu **1956** og til ársins **1972**. Það var rekið af Reykjavíkurborg og ætlað börnum sem voru komin á skólaaldur. Mörg barnanna sem þar voru vistuð höfðu einnig verið á öðrum heimilum eins og vistheimilinu Silungapollu þar sem þau höfðu dvalið vegna erfiðra uppeldisaðstæðna. Forstöðukonur heimilisins voru tvær á starfstíma þess. Dvalartími á Reykjahlíðarheimilinu var mislangur. Í nokkrum tilvikum var hann nokkur ár og í einhverjum tilvikum aðeins fáeinir mánuðir. Oft var dvalartíminn einn til tveir vetur.

Frásagnir bótakrefjenda voru að mestu í samræmi við niðurstöður skýrslu vistheimilaneftndar en einnig greindu margir frá því að innan heimilisins hefði verið slæmur og stofnanakenndur andi og vistmenn mætt kuldalegu viðmóti,

sérstaklega á starfstíma síðari forstöðumanns heimilisins. Einnig var um að ræða kynferðisofbeldi af hálfu utanaðkomandi aðila.

Alls bárust **66** umsóknir, af þeim voru **42** frá körlum og **24** frá konum.

**12.6 Heimavistarskólinn að Jaðri í Elliðavatnslandi** var rekinn af fræðslu- yfirvöldum í Reykjavík á árunum **1946–1973** og var ætlaður drengjum sem voru á aldrinum 7–13 ára og höfðu ekki átt samleið með öðrum börnum í skólakerfinu í víðri túlkun þess. Nokkrar stúlkur voru þó við nám í skólanum, en þær bjuggu flestar í nágrenni hans. Fimm einstaklingar stýrðu skólanum á starfstíma hans.

Alls sóttu 395 einstaklingar nám á Jaðri. Algengt var að nemendur væru í skólanum í tvo til þrjá vetur en þó alveg upp í sex eða sjö vetur. Margir þeirra sem sóttu um bætur greindu frá því að þeir hefðu á sínum tíma ekki viljað gefa vistheimilanefnd skýrslu af upplifun sinni af skólanum eða ekki gefið rétta skýrslu. Mátti ráða að fyrir því væru tvær meginástæður. Í fyrsta lagi að þeir hefðu fengið á tilfinninguna að þeim yrði mögulega refsað fyrir rógburð ef þeir greindu frá því sem raunverulega hefði átt sér stað innan veggja skólans. Í öðru lagi kom fram hjá mörgum fyrrum nemendum skólans sérstök velvild í garð Björgvins Magnússonar sem var lengst af skólastjóri skólans og óttuðust að skuggi félli yfir starf hans vegna atburða sem hann bar enga sök á. Voru frásagnir bótakrefjenda með töluvert öðrum hætti en greint er frá í skýrslu vistheimilanefndar. Greindu margir frá því að þeir hefðu orðið fyrir miklu ofbeldi eldri nemenda og mjög takmarkað eftirlit hefði verið haft með nemendum á löngum köflum, ekki síst vegna þess að skólinn hefði allan tímann verið mjög undirmannaður.

Alls barst **152** umsókn, allar frá körlum, enda var skólinn fyrst og fremst hugsaður fyrir drengi.

**12.7 Vistheimilið Silungapollur** var rekið á vegum Reykjavíkurborgar á árunum **1950–1969** og var ætlað ungum börnum á aldrinum 4–7 ára sem úrræði vegna erfiðra heimilis- og uppeldisaðstæðna, sem stöfuðu oftast af óreglu á heimilinu, en einnig í mörgum tilvikum vegna veikinda forsjáraðila. Þegar Reykjavíkurborg tók húsnæðið á leigu og hóf þar rekstur vistheimilis árið 1950 höfðu þar um

nokkurra ára skeið verið reknar sumarþúðir á vegum Oddfellowreglunnar. Sumarþúðirnar voru reknar þar áfram yfir sumartímamann allt fram til ársins 1965, samhliða því að rekið var þar vistheimili. Þessi ólíku rekstrarform virðast hafa farið mjög illa saman og það reyndist óheppileg ákvörðun að blanda saman börnum sem voru til sumardvalar og þeim sem voru vistuð á staðnum vegna bágra heimilis- og uppeldisaðstæðna.

Niðurstaða vistheimilaneftndar var á þá leið að börn á stofnuninni hefðu ekki verið beitt ofbeldi eða illri meðferð með skipulegum hætti, en margt í starfsemi heimilisins hefði verið mjög ábótavant. Húsakostur hefði ekki verið fullnægjandi og allt of mörg börn vistuð þar miðað við húsakost og fjölda starfsmanna. Því hefði stórum hluta barnanna verið illa sinnt og þau ekki fengið það atlæti sem börn á þessum aldri hafa þörf fyrir.

Samkvæmt upplýsingum vistheimilaneftndar dvaldi 951 barn á Silungapólli sem var úrræði á vegum barnaverndar, en að auki dvöldu um 800 börn þar í sumarþúðum. Þegar innköllun á bótakröfum vegna heimilisins fór fram var ljóst að einungis gat komið til álita að greiða bætur til þeirra sem voru vistaðir þar á vegum yfirvalda. Það olli nokkurri óánægju þar sem nokkrir gáfu sig fram og töldu sig hafa verið vistaðir þar sumarlengt í trássi við vilja foreldra þeirra og orðið þar fyrir illri meðferð. Þá lýstu allmargir bótakrefjendur dvöl sinni á heimilinu þrátt fyrir að engar upplýsingar væru finnanlegar í gögnum vistheimilaneftndar um dvöl þeirra þar. Í mörgum tilvikum var óskað eftir upplýsingum frá Borgarskjalasafni til þess að varpa ljósi á mögulega vistunarsögu, án árangurs í nær öllum tilvikum, en þó kom í ljós við könnun á safninu að til viðbótar við þann 951 einstakling sem fannst í gögnum sem vistheimilaneftnd aflaði að tveir höfðu verið þar í viðbót á vegum barnaverndarneftndar Reykjavíkur svo að fjöldi vistmanna var 953 eftir þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir. Nokkrum hluta þeirra var hafnað þar sem engar upplýsingar fundust um vistun á heimilinu, auk þess sem vistunartími í var nokkrum tilvikum afar skammur, en almennt var miðað við að vistun þyrfti að hafa staðið yfir í nokkra sólarhringa hið minnsta til að greiðsla bóta kæmi til álita.

Mjög erfitt reyndist að leysa úr mörgum bótakröfum sem bárust vegna vistunar á Silungapólli. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi voru margir þeirra sem vistaðir voru á heimilinu mjög ungir og áttu minningar sem voru oft á tíðum mjög óskýrar og stundum villandi. Í öðru lagi voru minningar um vistun á Silungapólli



óljósar og tengdust oft vistun á öðrum heimilum, sem skýrist oftast af ungum aldri þegar vistun stóð yfir. Í þriðja lagi höfðu margir þeirra sem kröfðust bóta alist upp við mjög erfiðar aðstæður og í mörgum tilvikum átt erfitt lífshlaup. Vegna þess var erfitt að greina á milli hvað af erfiðu lífshlaupi þeirra stafaði af dvöl á vistheimili og hvað var sprottið af erfiðri æsku vegna heimilisaðstæðna og veikinda foreldra, en almennt vildu bótakrefjendur líta svo á að ástæðan væri fyrst og síðast dvöl á vistheimili. Í fjórða lagi voru samskipti við marga þeirra sem kröfðust bóta næsta erfið þar sem þeir höfðu misst tókin á lífi sínu vegna óreglu.

Alls bárust **192** umsóknir, af þeim **90** frá körlum og **102** frá konum.

**12.8 Upptökuheimili ríkisins** var rekið af ríkinu frá árinu **1945** til ársins **1978**, en þá var nafni heimilisins breytt í Unglingaheimili ríkisins. Starfsemi þess var breytt í meginatriðum árið 1971 og skömmu eftir það var nafnið Unglingaheimilið tekið upp í daglegu tali starfsmanna og þeirra sem að heimilinu stóðu. Þegar vistheimilanefnd kannaði starfsemina var könnunin bundin við tímabilið 1945–1971, en könnun eftir það fór fram samhliða könnun á starfsemi Unglingaheimilisins. Heimilið var lengi rekið í Elliðahvammi, oft við takmarkaðan húsakost og var um tíma athvarf fyrir börn og mæður sem áttu í fá hús að vanda vegna erfiðra heimilisaðstæðna. Oft var um að ræða skamma vistun sem neyðarúrræði vegna heimilisaðstæðna og einnig voru vistuð þar börn sem talin voru hafa brotið reglur samfélagsins eða gerst sek um lögbrot eftir þeirri afmörkun sem gildi á hverjum tíma. Heimilið starfaði í Elliðahvammi fram til ársins 1964 og síðan til bráðabirgða um nokkurra ára skeið í húsnæði sem var ætlað starfsfólki Kópavogshælisins. Árið 1971 var starfsemin flutt að Kópavogsbraut 17 í húsnæði sem byggt hafði verið fyrir heimilið og árið 1973 var bætt við starfsemina skammtímavistun að Kópavogsbraut 9.

Ekki liggur með öllu ljóst fyrir hvað margir dvöldu á heimilinu á starfstíma þess af ýmsum orsökum. Í fyrsta lagi virðist sem á löngu tímabili hafi litlar skrár verið haldnar yfir vistmenn. Þetta var einkum í lok sjöunda áratugarins og sérstaklega þó eftir 1971. Í öðru lagi voru skil á milli starfsemi Upptökuheimilisins og Unglingaheimilisins frekar óljós í framkvæmd og í þriðja lagi voru margar vistanir á heimilunum tveimur til mjög skamms tíma, stundum jafnvel aðeins innan við sólarhring eða í fáeinar stundir og skráning á þeim var ekki alltaf nákvæm, auk þess sem sömu einstaklingar komu ítrekað til skamrar vistunar. Ætla má að

vismenn á heimilunum tveimur hafi þó verið rúmlega þrjú þúsund. Þegar innköllun fór fram var kallað eftir kröfum frá vistmönnum sem voru á Upptökuheimilinu á árabílinu 1945–1971.

Þegar vistheimilanefnd kannaði starfsemi heimilisins gáfu sig aðeins fram 18 einstaklingar og frásagnir aðeins 16 þeirra voru þess eðlis að hægt væri að byggja á þeim. Verður því að taka niðurstöðum vistheimilanefndar varðandi mörg atriði með nokkrum fyrirvara. Af þeim sem kröfðust sanngirnibóta greindu flestir frá slæmri líðan á heimilinu. Vistunartíminn var mislangur og oft var um að ræða margar skammtímavistanir yfir nokkurra ára tímabil. Eftir árið 1964 varð töluverð breyting á starfseminni eftir að tekin var upp einangrunarvist, eftir því sem næst verður komist, þar sem börn voru í læstu herbergi til lengri eða skemmri tíma. Lýstu margir mjög slæmri upplifun af slíkri vist.

Alls bárust **92** umsóknir, af þeim **51** frá körlum og **41** frá konum.

**12.8 Unglingaheimili ríkisins** starfaði frá **1978** og fram til ársins **1995** þegar það varð hluti af Meðferðarstöð ríkisins. Í framkvæmd má þó líta svo á að heimilið hafi verið starfrækt frá árinu 1971, sbr. það sem rakið er hér að framan. Könnun vistheimilanefndar á starfseminni var miðuð við það.

Heimilið hafði það hlutverk að taka við ungmönnum sem höfðu komist í kast við lögin eða átt við hegðunarvanda að etja, þ.m.t. neyslu vímuefna, þótt ekkert eiginlegt meðferðarstarf færi þar fram lengst af og lítið fyrr en á tíunda áratugnum. Bæði voru vistaðir þar drengir og stúlkur allan starfstíma þess. Heimilið var í raun samnefnari yfir nokkuð mörg heimili sem höfðu misjafnlega sjálfstæða starfsemi. Þau voru heimilið að Torfastöðum í Biskupstungum og Smáratúni í Fljótshlíð, að Tindum á Kjalarnesi, heimilin að Kópavogsbraut 7 og 19, heimilin að Sólheimum 7 og 17 og heimilið að Efstasundi 86. Þá var heimilið að Breiðavík um tíma að nokkru undir starfsemi Unglingaheimilis ríkisins. Ýmsar breytingar voru gerðar á starfseminni árið 1985. Allt er þetta rakið nánar í skýrslu vistheimilanefndar og verður ekki tíundað hér. Skýrsla vistheimilanefndar um starfsemi Unglingaheimilisins var að nokkru þeim annmörkum búin að mikill fjöldi einstaklinga var vistaður á einhverjum fyrrgreindra stofnana og heimila og aðeins lítill hluti gaf sig fram við nefndina, þrátt fyrir að nefndin hefði ítrekað

auglýst eftir því að vistmenn kæmu til viðtals við hana. Verður því að taka niðurstöðum nefndarinnar með nokkrum fyrirvara varðandi ýmis atriði.

Mjög erfitt reyndist að leysa úr bótakröfum margra sem voru vistaðir á Unglingaheimili ríkisins af líkum ástæðum og rakið er hér að framan varðandi bótakröfur fyrrverandi vistmanna á Silungapólli. Í fyrsta lagi býr nokkur hópur bótakrefjenda við erfiðar félagslegar aðstæður þar sem vímuefnaneysla hefur ráðið ferðinni á lífsleiðinni. Voru því margar lýsingar af dvölinni óljósar og í sumum tilvikum með nokkrum ólíkindablæ. Í öðru lagi reyndist í mjög mörgum tilvikum erfitt að staðreyna vistun á heimilinu vegna skorts á gögnum og skráðum upplýsingum um vistanir. Í þriðja lagi var skýrsla vistheimilaneftndar búin annmörkum sem áður er getið og í fjórða lagi náði starfsemi heimilisins yfir tímabil þar sem miklar samfélagslegar breytingar urðu á Íslandi og því erfitt að búa til skýra línu varðandi tjón, samfélagsleg viðmið og aðra þætti sem máli geta skipt.

Alls bárust **221** umsóknir frá einstaklingum sem voru vistaðir á einhverju þessara heimila eftir 1971. Af þeim voru **145** frá körlum og **76** frá konum.

### **XIII. FLEIRI STOFNANIR**

Vistheimilaneftnd sú sem skipuð var og fékk erindisbréf vegna könnunar á 9 heimilum og stofnunum lauk störfum í árslok 2011. Þegar verkefnið fór af stað og uppvíst varð um að börn sem dvöldu á stofnunum á vegum ríkisins á síðustu öld hefðu í mörgum tilvikum mátt sæta ofbeldi og illri meðferð, komu fram tilkynningar um líka háttsemi á mörgum öðrum stofnunum og heimilum. Vistheimilaneftnd skráði niður allar tilkynningar þess efnis. All margar umsóknir um bætur vegna annarra stofnana en þeirra sem vistheimilaneftnd kannaði á árunum 2007-2011 bárust sýslumanni. Var þeim öllum vísað frá enda ekki heimild til greiðslu bóta nema könnun vistheimilaneftndar hefði farið fram. Fyrirkomulag það sem komið var á með lögum nr. 26/2007 er á margan hátt nokkuð umsvifamikið og þungt í meðferð af ýmsum ástæðum. Hver könnun er næsta tímafrek og kallar á mikla vinnu sem leiðir til þess að slík könnun getur staðið yfir í langan tíma og ekki hefur verið ráðist í nema eina slíka könnun á vegum nefndarinnar síðan hún lauk starfsemi sinni vegna könnunar á heimilunum 9, auk þess sem ákveðið var að greiða bætur til fyrrverandi

nemenda Landakotsskóla, þrátt fyrir að vistheimilanevnd hefði ekki kannað starfsemi hans.

### 13.1 Landakotsskóli

Á árunum eftir að umræða hófst um málefni vistheimila komu fram margar ásakanir um að nemendur í Landakotsskóla hefðu sætt illri meðferð og ofbeldi á meðan skólavist þeirra stóð. Vegna þessa skipaði kaþólska kirkjan á Íslandi nefnd sem hafði það hlutverk að kanna viðbrögð kirkjunnar við þessum ásökunum. Nefndin skilaði skýrslu í nóvember 2012 þar sem fram kom að kirkjan hafði markvisst þaggað niður tilkynningar og frásagnir, sem höfðu borist henni frá einstaka nemendum, um illa meðferð og ekkert brugðist við þeim. Einkum voru tveir einstaklingar bornir þungum sökum, en þeir höfðu starfað fyrir kirkjuna um margra ára skeið. Árið 2016 kallaði Kaþólska kirkjan eftir bótakröfum frá fyrrverandi nemendum skólans og lýstu 33 kröfum. Kirkjan bauð þeim bætur sem voru mun lægri en almennt þekkist í íslenskum skaðabótarétti, eða nokkra tugi þúsunda í flestum tilvikum og mun einhver hluti bótakrefjanda ekki hafa gengið að þeim bótum sem boðnar voru.

Fyrirliggjandi var að þrátt fyrir að Landakotsskóli væri einkaskóli þá féll hann undir ábyrgð skólayfirvalda í Reykjavík á grundvelli fræðslulöggjafarinnar. Því var ljóst að misgjörðir sem höfðu átt sér stað innan skólans gætu eftir atvikum leitt til greiðslu sanngirnibóta ef önnur skilyrði laganna yrðu uppfyllt. Á þessum tíma hafði vistheimilanevnd lokið störfum og umboði hennar var í raun lokið og ætla mátti að ný skipan vistheimilanevndar og könnun á vegum hennar myndi verða tímafrek, en eins og áður hefur komið fram er könnun nefndarinnar skilyrði fyrir greiðslu bóta. Skýrsla sú sem rannsóknarnevnd kaþólsku kirkjunnar á Íslandi hafði unnið var á margan hátt áþekk skýrslum vistheimilanevndarinnar þótt áherslan væri önnur, enda höfðu setið í rannsóknarnevndinni einstaklingar sem einnig höfðu verið í vistheimilanevnd. Á þessum tíma var Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra en málið hafði komið á hans borð nokkru áður. Lagði hann fram frumvarp þess efnis að bætt var við lög um sanngirnibætur bráðabirgðaákvæði sem tók gildi í árslok 2015, sbr. lög nr. 117/2015. Með því var ráðherra heimilað að ákveða að taka til greina aðrar skýrslur en þær sem unnar voru af vistheimilanevnd, enda mætti ætla að þær væru sambærilegar og gæfu niðurstöðu sem telja mætti trúverðuga, auk þess sem það skilyrði var sett

að vistheimilanevnd mælti með því að tiltekin skýrsla yrði lögð til grundvallar. Með ákvörðun ráðherra var í kjölfarið veitt heimild til þess að innköllun færi fram á bótakröfum frá fyrrverandi nemendum Landakotsskóla. Fór innköllun fram í febrúar til apríl 2016 og það skilyrði fylgdi að bótakrefjandi varð sjálfur að afla staðfestingar á skólavist frá kaþólsku kirkjunni. Reyndust gögn um skólavist næsta nákvæm. Greindu bótakrefjendur frá bæði miklu líkamlegu ofbeldi sem og kynferðisofbeldi, sérstaklega af hálfu tveggja einstaklinga sem störfuðu við skólann. Þau voru bæði látin þegar könnun rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar á Íslandi fór fram.

Alls bárust **47** umsóknir um bætur frá fyrrverandi nemendum skólans, þar af **26** frá körlum og **21** frá konum.

**13.2 Kópavogshæli** var rekið sem úrræði fyrir þroskaskerta einstaklinga frá árinu 1952 til ársins 1993. Í tillögum vistheimilanevndar til forsætisráðherra árið 2007 var Kópavogshælið ekki meðal þeirra stofnana sem nefndin taldi þörf á að kanna, en 5. mars 2008 barst forsætisráðuneytinu bréf frá Landssamtökunum Þorskahjálp þar sem vakin var athygli á því að kanna þyrfti aðbúnað fatlaðra barna sem vistuð höfðu verið á stofnunum á vegum hins opinbera um og eftir miðja síðustu öld. Ekki þótti þá svigrúm til að ráðast í slíka könnun og beiðni samtakanna var endurnýjuð. Þegar vistheimilanevnd hafði lokið störfum sínum í árslok 2011 var verkefnum hennar á grundvelli skipunarbréfa frá 2007 og 2008 lokið. Var í ljósi málsins ákveðið að skipa nefndina upp á nýtt og setja henni nýtt erindisbréf. Það var gert 4. júlí 2012 og var nefndinni falið að kanna starfsemi Kópavogshælis. Starfaði nefndin með hléum næstu árin, enda verkefnið viðamikið, en fljótlega varð ljóst að mjög erfitt yrði að afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegt var vegna umfangs verkefnisins og fötlunar þeirra einstaklinga sem í hlut áttu. Nefndin skilaði skýrslu sinni í desember 2016. Niðurstöður skýrslunnar verða ekki raktar hér að öðru leyti en því að ætla má að næsta stór hópur vistmanna á hælina hafi mátt sæta illri meðferð og vanrækslu, í mörgum tilvikum árum saman.

Á Kópavogshælinu voru vistaðir bæði fullorðnir og börn ýmist til lengri tíma, eða í allmörg ár, og til skamms tíma. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um sanngirnibætur nær gildissvið þeirra aðeins yfir þá sem dvöldu sem börn á stofnunum eða heimilum á vegum hins opinbera. Ákveðið var að miða hugtakið

„börn“ við einstaklinga upp að 18 ára aldri þrátt fyrir að lögræðisaldur á þeim tíma sem hælið starfaði hefði verið 16 ár. Næsta nákvæmar upplýsingar voru til um þá sem vistaðir voru á hælínu og því var óskað eftir því við vistheimilanefnd að hún afhenti tengilið vistheimila lista með nöfnum allra þeirra sem uppfylltu þau skilyrði að hafa ekki aðeins verið í skammtímavistun heldur dvalið á hælínu áður en 18 ára aldri var náð. Það lá því fyrir að 89 einstaklingar gætu átt rétt á bótum samkvæmt þeim ramma sem lög um sanngirnisbætur settu.

Verkefnið var flókið á ýmsan hátt, einkum vegna fötlunar þeirra sem í hlut áttu, og það varð ekki leyst nema með mikilli samvinnu á milli Landssamtakanna Þorskahjálpar, tengiliðar vistheimila og umsjónarmanns sanngirnisbóta, auk samstarfs við réttindagæslumenn fatlaðra og forstöðumenn sambýla og búsetuúrræða. Friðrik Sigurðsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri samtakanna, kom einkum fram fyrir þeirra hönd. Allir þessir aðilar áttu gott samstarf, en farin var sú leið að veita réttindagæslumönnum og forstöðufólki yfir þeim búsetuúrræðum þar sem mögulegir bótakrefjendur bjuggu, heimild til að sækja um bætur fyrir þá og undirrita sáttaboð, enda fæstir færir um það sjálfir, þótt það hefði ekki átt við alla.

Við úrlausn á bótakröfum var lítið á frásögnum bótakrefjenda að byggja, heldur aðeins aðstandenda þeirra sem voru þó ekki til staðar í öllum tilvikum. Af þessari ástæðu var ákveðið við ákvörðum um bætur að fara þá leið að skipta fjárhæð bóta í þrennt, allt eftir þeim tíma sem vistmaður hafði dvalið á hælínu. Nokkrum af þeim umsóknum sem bárust var hafnað þar sem viðkomandi einstaklingar voru komnir á fullorðinsár þegar þeir dvöldu á Kópavogshæli. Verður að segja að það er nokkur annmarki á lagaumhverfi sanngirnisbóta að ekki hafi verið unnt að taka tillit til þeirra sem dvöldu á hælínu á fullorðinsárum þar sem þeir sem í hlut áttu höfðu yfirleitt ekkert um eigin búsetu að segja þrátt fyrir að lögræðisaldri væri náð.

Alls bárust **86** umsóknir, þar af **49** frá körlum og **37** frá konum.

#### XIV. HEILDARSAMANTEKT FJÖLDI

Alls bárust **1.190** umsóknir um sanngirnibætur vegna þeirra stofnana sem taldar eru upp hér að framan og **41** vegna heimila og stofnana sem ekki falla undir lög nr. 26/2007, eða samtals **1.231** umsókn. Öllum umsóknum vegna annarra heimila og stofnana en féllu undir gildissvið laganna var hafnað. Bætur voru greiddar í **1.162** tilvikum á grundvelli innkallana. Tæplega **30** umsóknum var hafnað af ýmsum orsökum, en aðallega þó að ekki var unnt að staðreyna dvöl viðkomandi á heimilinu, eða dvalartími var svo skammur að greiðsla bóta þótti ekki koma til álita.

Þau **41** önnur heimili og stofnanir sem nefnd voru í umsóknum sem var hafnað þar sem gildissvið laga nr. 47/2010 heimilar ekki greiðslu sanngirnibóta, voru af ýmsum toga. Aðallega var um að ræða sveitaheimili þar börn höfðu dvalið af ýmsum orsökum, þó einkum vegna bágra uppeldisaðstæðna, en einnig var um að ræða ýmsar stofnanir eins og sjúkrastofnanir og í tveimur tilvikum stofnanir sem störfuðu ekki á Íslandi.

Eins og áður hefur komið fram þá fór um 95% umsókna í gegnum tengilið, en ekki voru skráð viðbótarviðtöl vegna umsóknar, þannig að umfang viðtala vegna þessa eru mun meiri en þessar heildartölur sýna. Tengiliður skráði jafnframt öll símtöl og hafa þau verið um **3500** og í sérpósthólfi tengiliðar hafa borist um **1500** erindi sem svarað var jafnóðum.

## XV. Tímalína sanngirnisbóta

### 2007

**Febrúar.** Fréttapátturinn Kastljós fjallar um illa meðferð á drengjum sem dvöldu á vistheimilinu að Breiðavík. Margir gefa sig fram í kjölfarið og mikil umræða verður um málið.

**Mars.** Lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26/2007 taka gildi þann 29. mars

**Apríl.** Forsætisráðherra skipar nefnd til að kanna starfsemi heimilisins að Breiðavík og tildrög þess að börn voru vistuð þar og setur nefndinni tvö erindisbréf.

### 2008

**Febrúar.** Fyrsta skýrsla vistheimilaneftndar kemur út. Hún fjallar um starfsemi vistheimilisins að Breiðavík. Þar kemur fram að nefndin muni kanna starfsemi átta heimila og stofnana til viðbótar.

### 2009

**Mars.** Forsætisráðherra biður þá sem urðu fyrir illri meðferð og ofbeldi á Breiðavík afsökunar fyrir hönd íslenska ríkisins.

**Ágúst.** Út kemur skýrsla vistheimilaneftndar, áfangaskýrsla 1 um starfsemi Heyrnleysingjaskólans, vistheimilisins Kumbaravogs og skólaheimilisins Bjargs

**September.** Forsætisráðherra skipar starfshóp til að semja lagafrumvarp um greiðslu bóta til þeirra sem urðu fyrir misgjörðum á stofnunum og vistheimilum.

### 2010

**Mars.** Forsætisráðherra mælir fyrir frumvarpi að lögum um sanngirnisbætur.

**Maí.** Lög um sanngirnisbætur nr. 47/2010 taka gildi

**Júní.** Starf tengiliðar auglýst til umsóknar

**Júlí.** Sýslumannsembættinu á Siglufirði er falið að annast þann hluta sanngirnisbótaverkefnisins sem snýr að sýslumanni

**Ágúst.** Gengið er frá ráðningu í starf tengiliðar. Út kemur skýrsla vistheimilaneftndar um starfsemi Vistheimilisins Silungapolls, heimavistarskólans að Jaðri og Vistheimilisins Reykjahlíðar.

**Október.** Tengiliður hefur störf. Gefin er út innköllun á bótakröfum frá fyrrum vistmönnum á Breiðavík.

### 2011

**Janúar.** Innköllun lýkur á bótakröfum vegna Breiðavíkur.

**Febrúar.** Innköllun á bótakröfum frá fyrrum nemendum Heyrnleysingjaskólans og fyrrum vistmönnum á vistheimilinu Kumbaravogi gefin út.

**Mars.** Sáttaboð send út vegna Breiðavíkur. Greiðsla bóta hefst í kjölfarið.

**Maí.** Innköllun á bótakröfum vegna Heyrnleysingjaskólans og Kumbaravogs lýkur.

**Júní.** Sáttaboð send út vegna Kumbaravogs

**Júlí.** Gefin er út innköllun á bótakröfum frá vistmönnum á skólaheimlinu Bjargi og vistheimilinu Reykjahlíðar.



**Ágúst.** Sáttaboð send út vegna Heyrnleysingjaskólans

**Október.** Innköllun gefin út vegna bótakrafna frá fyrrverandi vistmönnum á Silungapólli.

**Nóvember.** Sáttaboð send út vegna Bjargs og Reykjahlíðar. Út kemur skýrsla vistheimilaneftndar um starfsemi Upptökuheimilis ríkisins og Unglingaheimilis ríkisins.

## 2012

**Janúar.** Innköllun gefin út vegna heimavistarskólans að Jaðri,

**Febrúar.** Sáttaboð send út vegna Silungapólls.

**Apríl.** Innköllun lýkur vegna Upptökuheimilis ríkisins.

**Mai.** Sáttaboð send út vegna heimavistarskólans að Jaðri.

**Júlí.** Vistheimilaneftnd sett erindisbréf vegna könnunar á starfsemi Kópavogshælisins.

**Ágúst.** Sáttaboð send út vegna Upptökuheimilis ríkisins.

**Október.** Innköllun gefin út vegna Unglingaheimilis ríkisins.

**Nóvember.** Rannsóknarneftnd kaþólsku kirkjunnar skilar skýrslu sinni um viðbrögð kirkjunnar við ásökunum um ofbeldi gagnvart nemendum í Landakotsskóla.

**Desember.** Innköllun vegna Unglingaheimilis ríkisins lýkur.

## 2013.

**Apríl.** Sáttaboð send út vegna Unglingaheimilis ríkisins.

## 2015.

**Desember.** Verklag vistheimilaneftndar við tímalega afmörkun á könnun á starfsemi Heyrnleysingjaskólans dæmt ólögmaett í Hæstarétti. Bráðabirgðaákvæði við lög um sanngirnissætur tekur gildi. Með því er opnað fyrir útgáfu innköllunar á bótakröfum vegna Landakotsskóla.

## 2016

**Febrúar.** Innköllun gefin út vegna Landakotsskóla og vegna þeirra sem féllu utan afmörkunar vistheimilaneftndar á könnun á starfsemi Heyrnleysingjaskólans.

**Apríl.** Innköllun lýkur vegna Landakotsskóla og Heyrnleysingjaskólans.

**Ágúst.** Sáttaboð send út vegna Landakotsskóla og Heyrnleysingjaskólans.

**Desember.** Út kemur skýrsla vistheimilaneftndar um starfsemi Kópavogshælisins.

## 2017.

**Febrúar.** Forsætisráðherra biður fyrrverandi vistmenn á Kópavogshæli og aðstandendur þeirra opinberlega afsökunar fyrir hönd íslenska ríkisins.

**Apríl.** Innköllun gefin út vegna bótakrafna frá fyrrum vistmönnum á Kópavogshæli.

**Júní.** Innköllun lýkur vegna Kópavogshælisins.

**September.** Sáttaboð send út vegna Kópavogshælis.

## 2018.

**Desember.** Lokaskýrsla um framkvæmd samkvæmt lögum nr. 47/2010 kemur út.

## XVI. ÚRSKURÐARNEFND

Með skipunarbréfum dags. 23. maí 2011 skipaði innanríkisráðherra úrskurðarnefnd um sanngirnismætur sem hafði það hlutverk að taka afstöðu til krafna um sanngirnismætur. Nefndin var skipuð skv. 7. gr. laga nr. 47/2010 og hefur skipan nefndarinnar verið óbreytt frá upphafi. Úrskurðarnefnd um sanngirnismætur skipa Þorbjörg I. Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður, sem er formaður nefndarinnar, Andrés Magnússon geðlæknir og Vigdís Erlendsdóttir sálfræðingur. Varamenn eru Sesselja E. Árnadóttir lögfræðingur, Kjartan J. Kjartansson geðlæknir og Þórarinn Viðar Hjaltason sálfræðingur. Skipan nefndarmanna hefur verið framlengd eftir upphaflega skipan, nú síðast með skipunarbréfi dags. 10. nóvember 2017 þar sem skipan nefndarmanna var framlengd fram til 1. apríl 2018, en greiðslum til nefndarmanna var hætt 1. janúar 2018.

Frá upphafi hafa nefndinni borist alls 40 mál og hafa 38 þeirra þegar verið afgreidd, skráðar afgreiðslur og úrskurðir eru þó umfram 40, þ.e. úrskurðað hefur verið tvívegis í nokkrum málum:

Á árunum 2011 og fram til ársloka 2017 hafa úrskurðarnefnd borist 40 erindi. Í 29 tilvikum kvað nefndin upp úrskurð um fjárhæð bóta og í 12 málum hefur nefndin kveðið upp annan úrskurð, eins og frávísun eða aðra niðurstöðu eftir atvikum. Árið 2011 bárust 7 erindi, árið 2012 voru þau 10, árin 2013 og 2014 bárust 7 erindi hvort ár og 2016 og 2017 bárust samtals 9 erindi.

Í þeim úrskurðum sem nefndin hefur kveðið upp hefur afgreiðsla mála verið á þann veg að bætur hafa ýmist verið hækkaðar frá því sem fram kom í sáttaboði, fjárhæð samkvæmt sáttaboði sýslumanns staðfest, eða bótaréttur viðurkenndur og lagt fyrir sýslumann að gera sáttaboð. Ákveðið var af ráðherra að hafa fyrirkomulagið á þann veg að þegar nefndin hefði lokið umfjöllun tæki sýslumaður við málinu og sendi greiðslubeiðni til ráðuneytis í samræmi við ákvörðun nefndarinnar.

Í 12 tilvikum hafa bætur verið hækkaðar frá sáttaboði sem bótakrefjanda hefur verið gert, í 14 tilvikum hefur fjárhæð í sáttaboði verið staðfest og í 3 tilvikum hefur bótaréttur verið viðurkenndur og óskað eftir að sýslumaður geri nýtt sáttaboð, þar sem ljóst var að fleiri einstaklingar áttu í hlut en þeir sem skutu máli sínu til nefndarinnar.

Afgreiðsla sumra málanna var með öðrum hætti, s.s. afturköllun máls af hálfu málsaðila, endurupptaka, framsending til sýslumanns eða ráðuneytis. Meðal þessara afgreiðslna má einnig sjá afgreiðslur erinda, s.s. endurupptökubeiðna, sem teljast þá innan sama málnúmers og upphaflega málið. Af þeim sökum er samanlagður fjöldi úrskurða og annarra afgreiðslna umfram heildarfjölda mála. Þrjú mál voru afturkölluð, fjögur mál voru framsend til sýslumanns og 2 mál voru framsend til ráðuneytis.

## **XVII. SAMSTARF OG SAMVINNA**

Þetta stóra og mikla verkefni hefði aldrei verið leyst nema með samvinnu fjölmargra aðila. Umsjónarmaður sanngirnisbóta hafði mikið samstarf við fleiri en eitt ráðuneyti, vistheimilanefnd, sveitarfélög, skjalasöfn og ekki síst tengilið vistheimila. Allt þetta samstarf var með miklum ágætum. Þá áttu Umsjónarmaður sanngirnisbóta og tengiliður gott samstarf við úrskurðarnefnd eftir því sem heimildir stóðu til.

Tengiliður átti í samstarfi við fjölda aðila í stjórnkerfinu og utan þess. Margir sem komu til viðtals óskuðu aðstoðar við ýmis persónuleg mál, umfram það að sækja um sanngirnisbætur. Má þar t.d. nefna húsnæðismál, skuldamál, fjárhagsaðstoð, meðlags- og umgengismál, erfðamál, menntun, úrlausnir í heilbrigðiskerfinu og fjölmörg önnur mál sem úrlausnar þyrftu eða nánari skoðunar. Slík mál gátu bæði verið afar flókin og tímafrek og mikilvægt að skoða þau lausnarmiðað og koma einstaklingum í tengsl við rétta aðila vegna frekari úrvinnslu mála. Í mörgum tilvikum átti tengiliður mörg viðtöl við bótakrefjendur án þess að það væri skráð sérstaklega.

Talsvert var um að einstaklingar óskuðu eftir styrkjum til náms, en það var ekki unnt að verða við þeim, enda engum fjármunum til þess varið. Engu að síður

aðstoðaði tengiliður fjölda einstaklinga með því að leiðbeina þeim í réttan farveg til að sækja um styrki á viðeigandi stöðum allt eftir þörfum hverju sinni.

Tengiliður leiðbeindi einstaklingum um hvar og hvaða þjónustu væri að fá í hverju tilfelli fyrir sig og kom það oft í hlut tengiliðar að koma á á tengslum milli einstaklinga og stofnana. Sálfræðiaðstoð var þar stærsti þátturinn og samdi tengiliður við mjög mörg sveitarfélög um greiðslu kostnaðar fyrir þá sem þurftu slíkan stuðning. Unnið var með öll mál einstaklinga sem trúnaðarmál. Á þeim tíma sem verkefnið stóð frá 2010 til 2018 yfir fékk tengiliður um 3500 símtöl og ríflega 1500 tölvupósta sem svara þurfti.

Tengiliður hefur unnið í mjög góðu samstarfi við fjöldann allan af fagfólki, sveitarfélög, t.d. var sérstakt teymi í Reykjavík enda komu flest mál þaðan, svo og ýmsar opinberar stofnanir svo eitthvað sé nefnt.

Vegna ólíkra heimila var mikilvægt að vera með ólíkar nálganir til að geta tekið tillit til sérstöðu hópanna sem á hverju heimili voru.

Mikið og einstaklega gott samstarf var við Félag heyrnarlausra vegna Heyrnleysingjaskólans, meðal annars tók tengiliður viðtöl með aðstoð félagsins við þá sem þess óskuðu og alltaf voru táknmálstúlkar viðstaddir til að tryggja að allt kæmi fram. Haldnir voru fræðslufundir hjá félaginu og farið ýtarlega yfir allan gang málsins, skref fyrir skref. Umsjónarmaður sanngirnisbóta átti einnig mjög gott samstarf við Félag heyrnarlausra og er sérstaklega þakkað fyrir þetta samstarfs.

Hvað varðar Kópavogshæli, sem var lokaverkefnið, þá útbjó tengiliður allar umsóknir sérstaklega þannig að fólk í nánasta umhverfi fyrrum vistmanns gæti aðstoðað ef þörf væri á slíku og voru þær sendar til viðkomandi. Einnig áttu tengiliður og umsjónarmaður sanngirnisbóta mikið og gott samstarf við Þroskahjálp. Tengiliður aflaði fjárveitingar hjá velferðarráðuneyti vegna sálfræðikostnaðar fyrir fyrrum vistmenn og aðstandendur þeirra, og var samið um að Þroskahjálp annaðist framkvæmd málsins. Fengnir voru tveir sálfræðingar til að vera til taks fyrir þann hóp sem stuðnings óskaði.

Samstarf við hagsmunasamtök bótakrefjenda sem hétu fyrst Breiðavíkur-samtökin en urðu síðar Samtök vistheimilabarna var aldrei einfalt. Uppi voru kröfur um greiðslu á miklu hærri bótum en til reiðu voru og alloft kom upp sú gagnrýni að í Noregi hefðu verið greiddar bætur sem voru á tíðum allt að 750

þúsund norskar krónur, sem árið 2011 námu um 15 milljónum íslenskra króna, og þess krafist að sams konar fjárhæðir yrðu greiddar hér á landi. Þessi samanburður er í raun fráleitur því að það voru aðeins fáein sveitarfélög sem greiddu slíkar bætur og norska ríkið greiddi yfirleitt um 250 þúsund norskar krónur í bætur að hámarki. Meginþorri þeirra sem fékk bætur greiddar í Noregi fékk mun lægri fjárhæð. Þegar bótagreiðslur í Noregi stóðu einkum yfir, sem var á árunum 2004–2009, var gengi norsku krónunnar allt annað en á þeim tíma sem bótagreiðslur fóru að mestu fram á Íslandi. Þannig að 750 þúsund norskar krónur voru um 7,5 milljónir íslenskra króna síðla árs 2006 og 250 þúsund norskar krónur voru 2,7 milljónir íslenskra króna á þeim tíma svo dæmi sé tekið. Á þeim 5 árum sem liðu þarna á milli varð gengismunur við norska krónu verulega óhagstæður.

#### **XVIII. HVER ER REYNSLAN?**

Vistheimili og stofnanir fyrir börn hafa lengi verið hluti af vestrænum samfélögum. Það sem einkennir þau vistheimili sem rekin voru á Íslandi á síðustu öld virðist vera að þau hafi oftar en ekki verið neyðarúrræði til að bregðast við aðstæðum sem samfélagið réð illa við með öðrum hætti. Ákvarðanir um rekstur heimilanna, skipulag þeirra og vistun einstaklinga á þeim virðast oft hafa verið teknar að lítt ígrunduðu máli og stundum á röngum forsendum. Oft virðist vera sem hagsmunir sem voru undir hafi verið allt aðrir en þeirra sem þar voru vistaðir. Það verður þó jafnan að hafa í huga að engin leið er að skilja fortíðina og ákvarðanir sem þá voru teknar með þau siðferðis- og samfélagsviðmið sem nú eru höfð að leiðarljósi. Málið er miklu flóknara en svo. Hverju sinni þarf að búa svo um hnútana að börn samfélagsins njóti sín, hafi aðhald, tækifæri og atlæti til þess að vandi þeirra verði ekki vandi framtíðarinnar.

Ljóst er að mjög margir urðu fyrir verulegu tjón af dvöl á vistheimili vegna þess harðræðis og ofbeldis sem þeir máttu sæta, að hluta vegna vanrækslu og lítils eftirlits opinberra aðila en einnig vegna þeirra aðstæðna sem voru uppi á þessum tíma og köldu og stofnanalegu viðmóti sem mætti þeim sem þar dvöldu. Enda virtist oft skorta að börnum væri veitt sú öryggistilfinning og hlýja sem er þeim nauðsynleg. Í skýrslum vistheimilaneftndar kemur fram að eftirliti ríkisins með starfsemi margra þeirra heimila sem um ræðir var mjög ábótavant í mörgum

tilvikum. Þá virðist sem ákvarðanir um rekstur sumra heimilanna hafi verið teknar að lítt ígrunduðu máli og jafnvel í trássi við ráðleggingar sérfræðinga. Margir sem dvöldu á þeim stofnunum sem falla undir lög um sanngirnisbætur komu úr erfiðum uppeldisaðstæðum. Eitt af þeim viðfangsefnum sem reyndist hvað flóknast að leysa var að greina hvert tjón einstaklings varð af vistun á heimili, ofbeldi eða illri meðferð sem þar var, þess tjóns sem einstaklingur varð fyrir af því að alast upp á stofnun fjarri foreldrum og öðrum ættingjum og svo þess tjóns sem hlaut af erfiðum heimilisaðstæðum. Gríðarlegar tortryggni gætti hjá mörgum í garð yfirvalda og því var oft á tíðum erfitt að útskýra fyrirkomulagið fyrir bótakrefjendum, til að mynda að skipta þyrfti greiðslunum í samræmi við ákvæði laganna eða að ekki væri hægt að ganga frá hverju máli fyrir sig þegar í stað. Þá reyndist mjög erfitt að standa við ákvæði laganna um gjalddaga, en þar segir að gjalddagi sé fyrsti virki dagur næsta mánaðar eftir að sáttaboð berst undirritað. Fyrirkomulagið á greiðslu bóttanna girti í mörgum tilvikum fyrir að unnt væri að standa við þetta og olli það mjög oft mikilli óánægju meðal bótakrefjenda.

Engin könnun hefur farið fram á því hvernig bætur sem greiddar voru nýttust þeim sem þær fengu. Meginregla íslensks skaðabótaréttar er að greiddar skaðabætur eiga að gera tjónþola jafnsettan og hann var áður en tjónsatburður varð. Í tilviki sanngirnisbóta verður að telja þetta frekar fráleitt markmið þar sem í fyrsta lagi er vonlaust að meta nákvæmlega það tjón sem einstaklingur varð fyrir af dvöl á vistheimili, enda langur tími liðinn og margt á fjörur hans rekið um ævina sem getur haft veruleg áhrif, eins og gengur og gerist í lífi flestra. Í öðru lagi má vera ljóst að margir urðu ekki aðeins fyrir andlegum skaða heldur misstu af tækifærum eins og varðandi nám, sem var oftast af skornum skammti á þeim stofnunum sem hafa verið til umfjöllunar. Slíkt tjón getur eftir atvikum verið nær óbætanlegt, en horfa verður til þess að ríkissjóður hefði mögulega getað brugðist við því með einhverjum hætti, hefði staðan verið önnur, enda virtust margir fyrst og fremst einblína á greiðslu fébóta sem úrræði. Í þriðja lagi getur óraunhæft að búast við því að einstaklingar sem fá afhentar fébætur verji þeim endilega með skipulegum og uppbyggilegum hætti, enda er veruleiki flestra glíma við daglegt líf.

Þrátt fyrir þessa annmarka verður að líta svo á að íslenska ríkið hafi mætt þessu stóra verkefni með næsta skynsamlegum og skipulegum hætti hætti, þrátt fyrir

Þá efnahagsörðugleika sem urðu í árslok 2008 og höfðu mikil áhrif næstu árin á eftir. Til dæmis hefur aldrei staðið á þeim fjármunum sem lofað var til verkefnisins og bætur hafa verið greiddar til nærri tólf hundruð einstaklinga og nema greiddar bætur eða þær bætur sem ríkissjóður hefur skuldbundið sig til að greiða tæplega þremur milljörðum króna. Fjárhæðir hafa eftir atvikum verið misjafnar, en margir hafa fengið greiddar fjárhæðir sem í eðli sínu geta vart talist annað en háar, ekki síst í ljósi þeirra viðmiða sem hafa ríkt í íslenskum skaðabótarétti.

## **XIX. HELSTU ANNMARKAR OG GAGNRÝNI Á VERKEFNIÐ**

Við framkvæmd verkefnisins komu fram ýmsir annmarkar á því sem eru á bæði lögum um sanngirnisbætur og því fyrirkomulagi sem unnið hefur verið eftir. Í sumum tilvikum var mjög erfitt að sjá þessa annmarka fyrir fram en í öðrum tilvikum hefði það verið unnt. Hafa verður þó jafnan í huga að mikill þrýstingur var á framvindu verkefnisins allan tímann og margt af því sem aflaga fór verður að skoða í því ljósi.

Lög um sanngirnisbætur voru einkum sniðin að vistheimilinu að Breiðavík og þeirri reynslu sem fékkst af starfi vistheimilaneftndar við könnun á starfsemi þess og því áttu þau í sumum tilvikum mun verr. Nokkur heimilanna sem um var að ræða voru rekin með svipuðum hætti og Breiðavík en önnur þeirra með mjög ólíkum hætti og höfðu allt annað hlutverk. Mjög flókið var að sjá það fyrir, en leiða má hugann að því einfaldara að fresta bótageiðslum þar til niðurstaða bótanefndar um sem flest heimili lægi fyrir. Það var þó algerlega óraunhæft vegna þeirra væntinga sem skapast höfðu, auk þess sem margir þeirra sem í hlut áttu voru komnir á efri ár og gátu illa beðið úrlausna á sínum málum.

Samkvæmt lögum um sanngirnisbætur var gert ráð fyrir að unnt væri að staðfesta dvöl bótakrefjanda á því heimili eða heimilum sem viðkomandi hafði dvalið. Þetta reyndist í mörgum tilvikum erfitt og snúið. Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir að sýslumaður leitaði til vistheimilaneftndar til þess að fá þessar upplýsingar. Nefndin var störfum hlaðin og eðli málsins samkvæmt gat tekið nokkurn tíma að fá viðkomandi gögn og þegar hún hafði lokið störfum samkvæmt erindisbréfum sínum var skrifstofu hennar lokað. Þá tókst nefndinni ekki, vegna mikilla anna og þess tímaramma sem henni var veittur, að fá allar upplýsingar um vistmenn á

öllum heimilunum. Að auki voru skrár yfir vistmenn á nokkrum heimilunum næsta fátæklegar. Þetta átti einkum við unglingaheimilið í Kópavogi, en það var það heimili sem langflestir dvöldu á. Vistheimilanefnd vann lista yfir þá vistmenn sem dvöldu á heimilunum níu og svo Kópavogshæli síðar. Þegar skrifstofu nefndarinnar var lokað fékk umsjónarmaður sanngirnisbóta aðgang að hluta að gögnum nefndarinnar. Hefði þetta ekki verið gert hefði vinnsla verkefnisins dregist árum saman. Í allmörgum tilvikum var reynt að afla gagna frá skjalasöfnum en það reyndist mjög tímafrekt og því var borið við að fjárheimildir safnanna væru af skornum skammti. Fór reyndar svo að það úrræði var aflagt með öllu árið 2013. Þess ber þó að geta að tengiliður vistheimila fékk fjárveitingu frá Reykjavíkurborg til að greiða tímabundið fyrir hlutastarf sem að mestu fór í að sinna þessum verkefnum.

Í lögum um sanngirnisbætur er gert ráð fyrir því að fjárhæðir bótanna séu geymdar hjá ríkissjóði í 18 mánuði og allt að þrjú ár eins og nánar er rakið fyrir í skýrslunni. Af lögnum verður heldur ekki annað ráðið en þetta sé óbreytanlegt vegna einstaklinga sem hafa dvalið á fleiri en einni stofnun. Dæmi voru um að einstaklingar hefðu dvalið á fjórum til fimm stofnunum sem falla undir lögin og mjög margir á tveimur eða þremur. Samkvæmt lögnum ber að safna bótunum saman og greiða þær aldrei út nema eftir því fyrirkomulagi að 2 milljónir króna væru greiddar strax og eftirstöðvarnar síðar. Þetta fyrirkomulag hefur reynst mjög þungt í vinnslu og var ákveðið í samráði við innanríkisráðuneytið að víkja frá þessu fyrirkomulagi og gera upp hvert heimili fyrir sig.

Samkvæmt lögnum er gjalddagi bótagreiðslu fyrsti virki dagur hvers mánaðar. Í framkvæmd reyndist vonlaust að fylgja þessu þar sem margir bótakrefjendur sendu sáttaboð inn einum til tveimur dögum fyrir mánaðamót. Óhætt er að fullyrða, samkvæmt umsjónarmanni sanngirnisbóta, að þetta atriði var eitt af þeim þyngstu í meðförum því að mjög margir bótakrefjendur höfðu lítinn skilning á þeirri bið sem gat orðið vegna þessa, enda var lögbundin skylda að greiða bæturnar tiltekinn dag. Réttara hefði því verið að hafa þann háttinn á að greiða bæturnar innan 15 daga frá því að undirritað sáttaboð barst.

Í lögin vantaði nánari útskýringu á því hvaða vísitölu skyldi nákvæmlega nota við útreikning á verðbótum, en nokkrar vísitölur komu til greina og gat það ráðið nokkru um fjárhæð bótanna hver yrði fyrir valinu. Þá má telja líklegt að það hefði verið einfaldara í meðferð og skilað bótakrefjendum betri niðurstöðu, ef



almennir vextir hefðu verið lagðir á þær bætur sem voru geymdar hjá ríkissjóði í stað þess að nota vísitölu. Jafnvel hefði mátt huga að því að hafa fast hlutfall vaxta. Þá kom margoft fram í samskiptum við bótakrefjendur að þeir skildu kerfið illa og áttuðu sig lítið á því hvað verðbætur eru.

Við ákvörðun bóta var gert ráð fyrir því að bótakrefjandi veitti umtalsverðar upplýsingar og ákvörðun um hvaða bætur viðkomandi fengi byggðust á þeim. Þetta reyndist mjög óraunhæft þar sem stór hluti bótakrefjenda var ekki í stakk búinn til að veita slíkar upplýsingar og því oft á fáu að byggja. Tímaramminn og þrýstingur á verkefnið setti einnig sitt mark á niðurstöðuna.

## **LOKAORÐ**

Með lögum um sanngirnisbætur og framkvæmd þeirra hefur íslenska ríkið leyst úr flóknu og aðkallandi máli með næsta farsælum hætti. Ein helstu áhrif þess að málið komst upp í ársbyrjun 2007 var að í kjölfarið voru barnaverndarmál í víðu samhengi tekin til endurskoðunar og yfirferðar sem ekki er lokið enn, enda verður að líta almennt svo á að barnaverndarmál séu málaflokkur sem þarfnist stöðugrar endurskoðunar. Vistheimilanefnd hefur ráðist í gríðarlega viðamiklar kannanir á starfsemi þeirra heimila sem um er að ræða og yfir 1.000 manns hafa fengið greiddar bætur, sem í mörgum tilvikum teljast verulegar. Kostnaður af bótagreiðslum nemur rétt um þremur milljörðum króna. Ekki liggur fyrir hver kostnaður var af starfi vistheimilanefndar en heildarkostnaður við umsókn, ákvörðun og greiðslu bóta er óverulegur. Með þeirri framkvæmd sem varð fyrir valinu með lögum um sanngirnisbætur má líta svo á að næsta hagkvæm leið hafi verið valin.

Nokkur gagnrýni kom fram á verkefnið og þó einkum á fjárhæðir bóta. Um það getur aldrei orðið sátt. Einnig hefur verkefnið verið gagnrýnt nokkuð fyrir að ekki hafi verið ráðist í könnun á fleiri stofnunum og heimilum. Einkum er þar um að ræða sveitaheimil um landið þar sem börn dvöldu. Slík könnun verður miklum annmörkum háð. Um er að ræða atburði sem áttu sér stað fyrir áratugum, fáir til frásagnar, enda margir þeirra sem í hlut eiga látnir. Þá er um að ræða einkaheimili en ekki stofnanir í þeim skilningi sem reynir á með lögum um sanngirnisbætur. Einkaheimili eru eðli málsins samkvæmt varin af reglum um friðhelgi einkalífsins og veruleg hættu á að könnun á tilvikum þess að börn voru

vistuð á einkaheimilum og vist þeirra þar sé næsta ófær og hefði litla efnislega þýðingu . Að þessu verkefni sem er efni þessarar skýrslu frágengnu, verður að líta svo á að greiðslu sanngirnisbóta vegna vistheimila og stofnana sem vistuðu börn, sé lokið. Lög um sanngirnisbætur voru búin ýmsum annmörkum við úrlausn málsins en tilgangi þeirra hefur verið mætt og þau verða varla notuð aftur. Ef vilji er, eða verður í framtíðinni til þess að koma að þessum málum með öðrum hætti, eða leggja í þá vegferð að taka upp almenn lög um sanngirnisbætur með einhverjum hætti, líkt og er í Noregi, þá verður það ákvörðun löggjafans.

## **XXI. Ýmis fylgiskjöl**

## FYLGISKJÖL

1. Lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn 23. mars 2007, nr. 26/2007
2. Lög um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, 28. maí 2010, nr. 47/2010
3. Reglur um sanngirnisbætur nr. 345, 21. mars 2011
4. Lög um breytingu á lögum nr. 47/2010 um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 (sanngirnisbætur vegna Landakotsskóla)
5. Umsóknareyðublað um sanngirnisbætur úr ríkissjóði vegna dvalar á vistheimili á vegum hins opinbera sbr. lög nr. 26/2007 og lög nr. 47/2010. (nú stofnanir og heimili)
6. Umsókn um sanngirnisbætur úr ríkissjóði fyrir fyrrverandi nemendur Heyrnleysingjaskólans fyrir 1947 eða eftir 1992 (síðari innköllun í kjölfar dóms Hæstaréttar) - Sýnishorn
7. Umsókn um sanngirnisbætur úr ríkissjóði fyrir fyrrverandi nemendur Landakotsskóla - Sýnishorn
8. Umsókn um sanngirnisbætur úr ríkissjóði fyrir fyrrverandi vistmenn Kópavogshælisins 1952-1993 - Sýnishorn
9. Vinnublað vegna innsendra umsókna um sanngirnisbætur (nú stofnanir og heimili) – Sýnishorn
10. Bréf með sáttaboði um sanngirnisbætur - Sýnishorn
11. Upplýsingablað sent með bréfi vegna sáttaboðs um sanngirnisbætur- Sýnishorn
12. Upplýsingablað um úrskurðarnefnd sanngirnisbóta, sent með bréfi ásamt sáttaboði um sanngirnisbætur – Sýnishorn
13. Sáttaboð um sanngirnisbætur - Sýnishorn

**2007 nr. 26 23. mars****Lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn**

Tóku gildi 29. mars 2007. Breytt með 1. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við dómsmálaráðherra eða dómsmálaráðuneyti sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að setja á fót nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn. Heimild þessi tekur ekki til þeirra stofnana sem starfandi eru við gildistöku laga þessara.

□ Markmið könnunarinnar og meginverkefni nefndar skulu vera eftirtalin:

a. Að lýsa starfsemi viðkomandi stofnunar, hlutverki hennar í barnaverndar- eða uppeldismálum og tildrögum þess að börn voru vistuð þar á því tímabili sem um ræðir.

b. Að leitast við að staðreyna eins og kostur er hvort og þá í hvaða mæli börn sem vistuð voru á stofnuninni hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.

c. Að lýsa því hvernig opinberu eftirliti með viðkomandi starfsemi var háttað.

d. Að leggja grundvöll að tillögum til stjórnvalda um frekari viðbrögð ef ástæða þykir til.

□ Nefndin skal skila skýrslu um störf sín til [ráðherra]<sup>1)</sup> sem kynnir Alþingi skýrsluna.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 447. gr.

**■ 2. gr.**

□ Nefndin skal vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum. Skál formaður hennar uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla eftir aðstoð sérfræðinga eða annarri aðstoð við einstaka þætti könnunarinnar.

**■ 3. gr.**

□ Nefndin skal hafa frjálsan og óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda sem varða starfsemi þess vist- eða meðferðarheimilis fyrir börn sem erindisbréf hennar nær til. Þá skulu stjórnvöld, sé þess óskað, taka saman skriflegar greinargerðir um einstaka þætti könnunarinnar.

□ Nefndinni er heimilt að taka skýrslur af fyrrverandi vistmönnum og hverjum þeim öðrum sem nefndin telur að búi yfir vitneskju sem komi að notum í starfi hennar enda veiti þeir samþykki sitt.

□ Læknum eða öðru heilbrigðisstarfsfólki og opinberum starfsmönnum, sem ella væru bundnir þagnarskyldu, er skylt að veita nefndinni upplýsingar sé þess óskað, eftir atvikum með því að gefa nefndinni skýrslu. Hið sama gildir um þá sem látið hafa af störfum.

□ Þeim sem gefur skýrslu fyrir nefndinni er heimilt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann hafi framið refsiverðan verknad eða að það gæti orðið honum til mannorðspjalla.

□ Sá sem vísitandi gefur nefndinni rangar eða villandi upplýsingar skal sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum mánuðum. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 233. gr.

**■ 4. gr.**

□ Fundir nefndarinnar eru lokaðir.

□ Nefndarmenn og starfsmenn hennar eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina er varðar einkalíf manna sem þeir fá upplýsingar um við störf nefndarinnar. Þagnarskylda um slík atriði helst þegar störfum nefndar er lokið.

□ Formanni nefndarinnar er heimilt að veita almennar upplýsingar um störf nefndarinnar og verklag meðan hún starfar.

**■ 5. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> ákveður skipan nefndarinnar, skipunartíma og þóknun og setur henni erindisbréf þar sem nánar er mælt fyrir um verkefni nefndarinnar. Skál þar einkum kveðið á um það til hvaða starfsemi könnun nefndarinnar tekur og það tímabil sem könnunin beinist að. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 447. gr.

**■ 6. gr.**

□ Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda ekki um störf nefndarinnar eða um þau gögn sem nefndin aflar sér eða sem hún útbýr eða lætur útbúa. Þá gilda stjórnsýslulög, nr. 37/1993, ekki um störf nefndarinnar.

**■ 7. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

**2010 nr. 47 28. maí****Lög um sanngirnibætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007**

Tóku gildi 2. júní 2010. Breytt með l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 117/2015 (tóku gildi 19. des. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr. Gildissvið og yfirstjórn.**

□ Lög þessi mæla fyrir um greiðslu sanngirnibóta úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, nr. 26/2007.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með yfirstjórn og framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 526. gr.

**■ 2. gr. Skilyrði þess að krafa sé tekin til meðferðar.**

□ Sá sem vistaður var á stofnun eða heimili sem lög þessi taka til getur krafist sanngirnibóta samkvæmt lögum þessum, enda liggja fyrir skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og innköllun sýslumanns. Sýslumaður tekur afstöðu til krafna en sá sem krefst bóta getur leitað til úrskurðarnefndar skv. 7. gr. uni hann ekki niðurstöðu sýslumanns.

**■ 3. gr. Skilyrði sanngirnibóta.**

□ Greiða skal sanngirnibætur úr ríkissjóði á grundvelli laga þessara hafi vistmaður orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi meðan á vistun hans stóð, sem olli honum varanlegum skaða.

□ Með illri meðferð eða ofbeldi er átt við:

a. hvers kyns refsiverða líkamlega valdbeitingu gagnvart barni og aðra líkamlega valdbeitingu þar sem valdið er óþarfa sársauka,

b. ógnandi, vanvirðandi eða niðurlægjandi athafnir gagnvart barni,

c. athafnir til þess fallnar að misbjóða barni eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hætta búin.

□ Með varanlegum skaða er átt við varanlegar neikvæðar líkamlegar, sálrænar eða félagslegar afleiðingar.

**■ 4. gr. Fjárhæð sanngirnibóta.**

□ Við ákvörðun fjárhæðar sanngirnibóta skal litið til:

1. alvarleika ofbeldis eða illrar meðferðar, þ.m.t. með til-liti til tímalengdar vistunar og annarra aðstæðna sem kunna að hafa gert reynsluna sérlega þungbæra,

2. alvarleika afleiðinga ofbeldis eða illrar meðferðar, bæði afleiðinga sem unnt er að leggja læknisfræðilegt mat á og annarra erfiðleika og missis tækifæra sem rekja má til hinna bótaskyldu atvika.

□ Við ákvörðun fjárhæðar sanngirnibóta skal einnig, eftir því sem unnt er, tekið mið af dómaframkvæmd á sambærilegum sviðum. Bætur til einstaklings skulu aldrei vera hærri en 6 millj. kr. Hámark þetta breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysluverðs.

□ Nú hefur vistmaður verið vistaður á fleiri en einni stofnun eða heimili sem falla undir lög þessi og er þá heimilt að ákveða bætur til bráðabirgða og taka þá ákvörðun til endurskoðunar jafnóðum og fleiri skýrslur nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 og innkallanir vegna þeirra liggja fyrir. Við endanlegt mat skal líta til fyrrgreindra þátta með heildstæð-

um hætti, þó þannig að heildarbætur rúmist innan marka þess sem getur í 2. mgr.

□ Bætur allt að 2 millj. kr. skal greiða út í einu lagi. Bætur umfram það og allt að 4 millj. kr. skal greiða út 18 mánuðum eftir fyrstu greiðslu. Bætur umfram 4 millj. kr. og allt að 6 millj. kr. skal greiða út 36 mánuðum eftir fyrstu greiðslu. Bótafjárhæð skal bundin vísitölu neysluverðs frá því að hún er ákveðin í sáttaboði skv. 6. gr. eða úrskurði skv. 9. gr.

**■ 5. gr. Innköllun.**

□ Þegar nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur lokið skýrslu um könnun sína á starfsemi heimilis eða stofnunar skal ráðherra fela tilteknum sýslumanni að gefa út innköllun. Innköllun skal birt tvívegis í Lögbirtingablaði, svo og tvívegis í útbreiddu dagblaði. Þar skal skorað á þá sem dvalið hafa á tiltekinni stofnun eða heimili á tilgreindu tímabili er skýrslan tók til og telja sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögum þessum að lýsa kröfum sínum innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði.

□ Sýslumaður ákveður form innköllunar og gefur út eyðublað fyrir þá sem hyggjast lýsa kröfum sínum. Á eyðublaðinu skal sá er lýsir kröfu tilgreina svo sem kostur er dvalartíma á stofnun eða heimili og helstu ástæður þess að hann telur sig eiga rétt til bóta samkvæmt lögum þessum. Þar skal einnig gefinn kostur á að veita sýslumanni heimild til aðgangs að gögnum um viðkomandi, í vörslum nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, þ.m.t. hljóðupptökum og endurritum vitnaskýrslu, eða hjá öðrum stjórnvöldum.

□ Nú er kröfu ekki lýst innan þess frests sem greinir í 1. mgr. og fellur hún þá niður. Víkja má frá þessu í allt að tvö ár frá því að kröfulýsingarfresti lýkur ef sýnt þykir að þeim sem lýsir kröfu var það ekki unnt fyrir eða önnur veigamikil rök mæla með því.

**■ 6. gr. Sáttaboð.**

□ Að loknum kröfulýsingarfresti skal sýslumaður fara yfir þær kröfur sem lýst hefur verið og önnur tiltæk gögn. Hann skal afla staðfestingar nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 á því að viðkomandi hafi verið vistaður á því heimili eða stofnun sem um ræðir. Telji sýslumaður að líkur standi til að bótaskilyrði laga þessara séu uppfyllt skal hann að höfðu samráði við ráðherra gera viðkomandi einstaklingi skriflegt og bindandi sáttaboð. Að öðrum kosti skal hann synja kröfu með rökstuddu bréfi. Málsmeðferð af hálfu sýslumanns skal vera einföld og henni skal hraðað eins og kostur er. Honum er óskýlt að taka munnlegar skýrslur af þeim sem gera kröfur. Skal hann eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að einu og sama heimilinu eða stofnuninni.

□ Hafni sá sem kröfu hefur lýst sáttaboði eða hafi kröfu hans verið synjað getur hann innan þriggja mánaða frá dagsetningu bréfs sýslumanns leitað til úrskurðarnefndar skv. 7. gr.

□ Fallist sá sem kröfu hefur lýst á sátt samkvæmt þessari grein með skriflegum hætti felur það í sér afsal allra frekari krafna á hendur ríki og eftir atvikum sveitarfélögum, sbr. 13. gr., vegna vistunar á viðkomandi stofnun eða heimili. Gjald-dagi er fyrsti dagur næsta mánaðar eftir að sýslumanni berst skriflegt samþykki viðtakanda bóttanna.

**■ 7. gr. Úrskurðarnefnd um sanngirnibætur.**

□ Ráðherra skipar, án tilnefningar, nefnd þriggja manna og þriggja til vara til þess að taka afstöðu til krafna um sanngirnibætur samkvæmt lögum þessum ljúki málum ekki á grundvelli 6. gr. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu skipaðir til allt að þriggja ára í senn. Einn nefndarmaður skal fullnægja skilyrðum til að vera hæstaréttardómari, en hann skal

jafnframt vera formaður nefndarinnar. Einn skal vera lækni og einn sálfræðingur. Um sérstök hæfisskilyrði gilda reglur stjórnsýslulaga. Varamenn skulu fullnægja sömu hæfisskilyrðum og aðalmenn.

□ Kostnaður við störf úrskurðarnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, sbr. þó 13. gr. Nefndinni er heimilt að ráða sér starfslið í samráði við ráðherra.

■ **8. gr. Meðferð bótakrafna af hálfu úrskurðarnefndar.**

□ Í erindi til úrskurðarnefndar á grundvelli 2. mgr. 6. gr. skal greina helstu rök fyrir því að viðkomandi eigi ríkari rétt en niðurstaða sýslumanns ber vott um. Úrskurðarnefndin getur kvatt þann sem leitað hefur til nefndarinnar til viðtals þar sem aflað verður nánari upplýsinga um grundvöll kröfunnar. Þá getur hún sömuleiðis leitað eftir afstöðu sýslumanns til kröfunnar eða kvatt aðra einstaklinga til viðtals, t.d. fyrrverandi starfsfólk á stofnun eða heimili.

□ Úrskurðarnefndinni er heimilt að óska eftir umboði þess sem kröfu gerir til að afla læknisfræðilegra gagna um heilsufar hans, ef slík gögn skipta sérstöku máli að áliti nefndarinnar. Slík gagnaöflun skal vera á kostnað nefndarinnar.

□ Úrskurðarnefndin skal hafa aðgang að hljóðupptökum og endurritum viðtala sem nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur tekið sem lið í rannsókn sinni á stofnun eða heimili, sem og að öðrum skjallægum gögnum sem síðarnefnda nefndin býr yfir.

□ Nú telur sá sem kröfu gerir að skýrsla sem hann kann að hafa gefið skv. 3. mgr. sé ófullnægjandi við mat á rétti hans til sanngirnibóta samkvæmt lögum þessum, eða hann óskar af öðrum ástæðum eftir því að tjá sig nánar um atriði sem skýrslan tekur til, og skal þá úrskurðarnefndin heimila honum að gefa skýrslu á ný, eða leggja fram skriflega greinargerð. Úrskurðarnefndin skal meta framkomna framburði heildstætt.

□ Úrskurðarnefndin skal ljúka meðferð hvernar kröfu eins fljótt og auðið er.

■ **9. gr. Ákvörðun um bætur.**

□ Úrskurðarnefndin skal kveða upp skriflegan úrskurð þar sem tekin er afstaða til kröfu þess sem leitar til nefndarinnar um bætur. Tilgreina skal helstu röksemdir sem niðurstaðan er reist á.

□ Við mat á því hvort nægilega sé í ljós leitt að bótaskilyrði 3. gr. séu uppfyllt, og við mat á þeim atriðum sem greinir í 4. gr., skal úrskurðarnefndin líta til fyrirliggjandi gagna og þess hvernig frásögn viðkomandi samræmist því sem vitað er um aðstæður á viðkomandi stofnun eða heimili, einkum á grundvelli skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007.

□ Nú hefur sá er kröfu gerir notið aðstoðar lögmanns við gerð kröfu og aðra ráðgjöf og skal þá úrskurðarnefndin jafnframt hugsanlegum sanngirnibótum úrskurða hæfilegan kostnað samkvæmt réttmætri, sundurlíðaðri og tímasettri skýrslu lögmannsins. Að jafnaði skal ekki úrskurða hæri þóknun en svarar til 10 klst. vinnu.

□ Úrskurður nefndarinnar er endanlegur á stjórnsýslustigi. Ekki er hægt að bera niðurstöðu um bótarétt skv. 3. og 4. gr. undir dómstóla fyrr en úrskurður úrskurðarnefndar um sanngirnibætur liggur fyrir. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að úrskurðurinn var kynntur aðila máls og málsókninni skal beint að úrskurðarnefndinni.

□ Gjaldlagi bóta er 1. dagur næsta mánaðar eftir að úrskurður er kveðinn upp.

■ **10. gr. Tengiliður vegna vistheimila.**

□ Ráðherra skipar sérstakan tengilið sem koma skal með

virikum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra sem kunna að eiga bótarétt samkvæmt lögunum. Hann skal m.a. leiðbeina þeim sem til hans leita um framsetningu bótakrafna í kjölfar innköllunar sýslumanns. Þá skal hann aðstoða fyrrverandi vistmenn sem eiga um sárt að binda í kjölfar vistunar við að sækja sér þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á, svo sem varðandi endurhæfingu og menntun. Eftir 1. janúar 2013 getur ráðherra lagt niður starf tengiliðs að fenginni tillögu úrskurðarnefndar.

■ **11. gr. Framsal krafna og aðilaskipti fyrir erfðir.**

□ Ekki er heimilt að framselja kröfu samkvæmt lögum þessum, nema hún sé viðurkennd og fjárhæð hennar ákvörðuð af úrskurðarnefnd. Bætur eru undanþegnar aðför skv. 46. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

□ Krafa um bætur samkvæmt lögum þessum erfist í samræmi við erfðalög, nr. 8/1962, hafi tjónþoli lýst kröfu skv. 5. gr. Hafi tjónþoli fallið frá áður en honum var unnt að lýsa slíkri kröfu erfist krafan til eftirlifandi barna sem geta hvert um sig eða sameiginlega fylgt henni eftir. Um aðgang að gögnum í vörslu vistheimilisnefndar og annarra stjórnvalda varðandi kröfu á þessum grundvelli fer samkvæmt ákvæðum 5. og 8. gr.

■ **12. gr. Ýmis ákvæði.**

□ Um sanngirnibætur samkvæmt lögum þessum fer skv. 2. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Óheimilt er að skuldajafna kröfum ríkisins, sveitarfélaga eða stofnana þeirra á móti greiðslum samkvæmt lögum þessum.

□ Aðrar greiðslur sem einstaklingur kann að njóta, t.d. á grundvelli laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, eða úr lífeyrissjóðum, hafa ekki áhrif á ákvörðun sanngirnibóta samkvæmt lögum þessum. Greiddar sanngirnibætur mynda ekki heldur stofn til frádráttar vegna slíkra annarra greiðslna, né hafa áhrif á réttindi einstaklinga í almannatryggingakerfinu að öðru leyti.

□ Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda ekki um gögn úrskurðarnefndar um sanngirnibætur. Gögnin skulu gerð almenníngi aðgengileg að þeim tíma liðnum sem getur í upplýsingalögum, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 50/1996.

□ Ráðherra er heimilt að gefa út og birta í B-deild Stjórnartíðinda, að fenginni tillögu sýslumanns eða úrskurðarnefndar, nánari reglur<sup>1)</sup> um viðmið við ákvörðun fjárhæða, meðferð bótakrafna, aðgang sýslumanns eða úrskurðarnefndar að gögnum hjá sveitarfélögum, stofnunum þeirra og ríkisstofnunum, fyrirkomulag greiðslna bóta, viðmiðunarfjárhæð vegna lögmannskostnaðar og önnur atriði sem varða framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> Rgl. 345/2011, sbr. 1152/2014.

■ **13. gr. Ábyrgðarskipting.**

□ Hafi sveitarfélag rekið heimili eða stofnun skal ráðherra efna til viðræðna við viðkomandi um skiptingu kostnaðar af bótageiðslum og starfi sýslumanns og úrskurðarnefndar.

■ **14. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.**

□ Þrátt fyrir ákvæði laganna er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, að ákveða að aðrar skýrslur en skýrslur nefndarinnar verði lagðar til grundvallar því að krafa um sanngirnibætur verði tekin til meðferðar.

□ Ákvæði laganna eiga við um kröfur um sanngirnibætur samkvæmt ákvæði þessu eftir því sem við á en þó er ráðherra heimilt að ákveða að innköllun fari fram með öðrum

hætti en lýst er í 5. gr. laganna og að afla megi staðfestingar  
skv. 1. mgr. 6. gr. á því að viðkomandi hafi verið vistaður á  
því heimili eða stofnun sem um ræðir með öðrum hætti en  
með staðfestingu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 117/2015, 1. gr.



## REGLUR

### um sanngirnissbætur.

#### 1. gr.

Ríkissjóður greiðir sanngirnissbætur á grundvelli laga nr. 47/2010 til þeirra sem voru vistaðir sem börn á vist- eða meðferðarheimilum sem falla undir gildissvið laga nr. 26/2007 og urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi meðan á dvölinni stóð.

Þau heimili sem falla undir gildissvið laga nr. 26/2007 eru:

- a) vistheimilið Breiðavík,
- b) Heyrnleysingjaskólinn,
- c) vistheimilið Kumbaravogur,
- d) skólaheimilið Bjarg,
- e) vistheimilið Reykjahlíð,
- f) vistheimilið Silungapollur,
- g) heimavistarskólinn Jaðar,
- h) Upptökuheimili ríkisins,
- i) Unglingaheimili ríkisins.

#### 2. gr.

Sýslumaðurinn á Siglufirði fer með þau verkefni sem sýslumanni eru falin í lögum nr. 47/2010. Sýslumaður gefur út innköllun krafna. Sýslumanni er heimilt að gefa út innköllun krafna vegna eins eða fleiri heimila í einu.

#### 3. gr.

Með innköllun skorar sýslumaður á alla þá sem hafa verið vistmenn á viðkomandi heimili á þeim tíma sem könnun nefndar skv. lögum nr. 26/2007 náði yfir og telja sig eiga rétt til bóta að gefa sig fram og lýsa kröfum sínum.

#### 4. gr.

Innköllun krafna skal birt tvívegis í Lögbirtingablaði en auk þess er sýslumanni heimilt að birta innköllun í útbreiddu dagblaði og á vefsíðu fjölmiðla ef hann telur það æskilegt. Á milli birtinga skulu liða hið minnsta 14 dagar. Í auglýsingum skal koma fram að allar kröfur skuli berast sýslumanninum á Siglufirði innan þriggja mánaða frá birtingu síðari innköllunar í Lögbirtingablaðinu.

#### 5. gr.

Sýslumaður lætur í té sérstakt eyðublað sem bótakröfu skal skilað á. Á eyðublaðinu skal umsækjandi um greiðslu bóta gera grein fyrir nafni sínu og kennitölu, gefa upplýsingar um hvar hann var vistaður og á hvaða tíma, hvaða bótakröfu hann gerir og í hverju ill meðferð eða ofbeldi gegn honum var fólgin. Skal umsækjandi gera grein fyrir persónulegum högum sínum fyrir og eftir vistun til nánari skýringar á afleiðingum misgjörða. Heimilt er að skila sérstakri greinargerð á öðru blaði óski umsækjandi þess. Á eyðublaðinu skal umsækjanda unnt að veita sýslumanni heimild til aðgangs að þeim gögnum sem kunna að vera til staðar hjá nefnd skv. lögum nr. 26/2007, þar með töldum hljódupptökum og endurriti af skýrslum sem og heimild til að afla annarra gagna sem kunna að vera til staðar hjá sveitarstjórnum og varða dvöl hans á vistheimili og afskipti barnaverndaryfirvalda af málum hans. Veiti umsækjandi sýslumanni ekki þessar heimildir fær sýslumaður ekki aðgang að gögnunum. Sýslumanni er þó heimilt án sérstakrar heimildar að leita staðfestingar hjá nefnd skv. lögum nr. 26/2007 um að viðkomandi hafi dvalið á vistheimili á þeim tíma sem tilgreindur hefur verið á umsóknareyðublaði.

Umsækjandi getur að eigin frumkvæði lagt fram þau gögn sem hann kys og sýslumaður metur að geti skipt máli. Getur sýslumaður hafnað móttöku gagna sem hann telur óþörf við meðferð málsins. Skal eyðublaðið undirritað með eigin hendi umsækjanda.

## 6. gr.

Að loknum kröfulýsingarfresti skv. 4. gr. yfirfer sýslumaður þær kröfur sem borist hafa og þau gögn sem fyrir hendi eru. Sýslumanni er ekki skylt að taka skýrslu af þeim sem kröfu gerir, en honum er það heimilt ef hann telur það varpa ljósi á málið og umsækjandi um greiðslu bóta samþykkir að veita skýrsluna. Skýrslu má gefa símleiðis ef slíkt þykir henta.

## 7. gr.

Hafi umsækjandi um greiðslu bóta verið vistaður á fleiri en einni af þeim stofnunum sem taldar eru upp í 1. gr. skal hann lýsa kröfum sínum vegna hverrar dvalar fyrir sig og þá er heimilt að ákveða bætur til bráðabirgða vegna hverrar dvalar og taka þá ákvörðun til endurskoðunar jafnóðum og fleiri innkallanir sýslumanns sbr. 4. gr. liggja fyrir.

## 8. gr.

Sýslumaður tekur afstöðu til fyrirbyggjandi krafna fyrir hvert heimili á grundvelli þeirra gagna sem fyrir hendi eru. Telji sýslumaður líkur til þess að umsækjandi um greiðslu bóta hafi sætt ofbeldi eða illri meðferð meðan hann dvaldi á vistheimili og það hafi haft varanlegar afleiðingar fyrir hann, telst skilyrðum til greiðslu bóta fullnægt.

## 9. gr.

Við ákvörðun um fjárhæð bóta skal sýslumaður eftir því sem unnt er taka mið af almennri réttarframkvæmd í skaðabótamálum og dómafordæmum í málum sem geta á einn eða annan hátt talist sambærileg. Bætur skulu taka mið af:

- a) alvarleika misgjörða, eins og til dæmis hvort um hafi verið að ræða gróft líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Við mat á alvarleika skal hafa til hliðsjónar lengd vistunartíma og annarra atriða sem kunna að hafa gert dvölinu þungbæra;
- b) alvarleika afleiðinga ofbeldis eða illrar meðferðar fyrir vistmann. Afleiðingar skulu metnar eftir missi tækifæra í lífinu, tapi lífsgæða og andlegra afleiðinga misgjörðanna. Við mat á missi tækifæra og tapi lífsgæða skal meta menntun, þátttöku á vinnumarkaði, starfssval, tómstundir og aðra persónulega hagi.

Sýslumaður skal meta vistmanni miskastig sem mest geta orðið 100. Skulu miskastigin metin annars vegar eftir alvarleika misgjörða og hins vegar eftir alvarleika afleiðinga misgjörðanna. Mest geta miskastigin orðið 25 af hundraði vegna alvarleika misgjörða og 75 af hundraði vegna afleiðinga misgjörðanna. Fyrir fullan 100 stiga miska samkvæmt mati þessu skal greiða vistmanni hámarksbætur eins og þær eru á hverjum tíma sbr. 4. gr. laga nr. 47/2010. Ekki eru greiddar bætur vegna fjártjóns.

## 10. gr.

Telji sýslumaður skilyrði til greiðslu bóta uppfyllt skal hann gera umsækjanda um greiðslu bóta skriflegt og bindandi sáttaboð. Sýslumanni er óskylt að rökstyðja sáttaboðið. Telji sýslumaður skilyrði til greiðslu bóta ekki uppfyllt skal hann synja kröfunni skriflega og rökstyðja þá ákvörðun sína. Skulu sáttaboð og synjun krafna er varða tiltekið heimili sendar öllum er lýst hafa kröfu vegna dvalar á því heimili samtímis. Sáttaboð og synjun krafna skulu sendar umsækjanda í ábyrgðarpósti eða með öðrum sannanlegum og viðurkenndum hætti.

## 11. gr.

Umsækjandi skal taka afstöðu til sáttaboðs innan 30 daga frá móttöku þess. Verði sáttaboði ekki tekið innan þess frests, telst því hafa verið hafnað. Taki vistmaður boðinu áritar hann það með nafni sínu í viðurvist tveggja votta eða tengiliðs og sendir það sýslumanni eða tengilið. Taki hann sáttaboði telst hann hafa afsalað sér frekari bótum vegna málsins.

## 12. gr.

Hafni vistmaður sáttaboði sýslumanns eða hafi sýslumaður synjað kröfu hans um bætur, getur hann innan þriggja mánaða frá dagsetningu bréfs sýslumanns um sáttaboð eða synjun kröfu um

bætur lagt mál sitt fyrir úrskurðarnefnd um sanngirnisbætur. Berist úrskurðarnefndinni ekki erindi innan þess frests telst niðurstaða sýslumanns endanleg niðurstaða málsins.

## 13. gr.

Í erindi til úrskurðarnefndarinnar skal greina helstu rök fyrir því að niðurstöðu sýslumanns verði ekki unað og ennfremur færa rök fyrir því að umsækjandi um greiðslu bóta eigi ríkari rétt en niðurstaða sýslumanns ber vott um. Getur nefndin kallað umsækjanda til viðtals eða aðra sem varpað geta skýru ljósi á málið. Nefndin getur leitað eftir rökstuðningi sýslumanns fyrir afstöðu hans. Ber sýslumanni þá að veita slíkan rökstuðning.

Úrskurðarnefndin hefur aðgang að öllum þeim gögnum sem nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 hefur aflað og varða þann sem leitað hefur til hennar, án sérstakrar heimildar hans. Á þetta við um skjalfest gögn, afrit af hljóðupptökum og önnur gögn sem máli kunna að skipta. Telji úrskurðarnefndin þörf á að afla annarra gagna er varpað geta ljósi á málið og eru í vörslu opinberra aðila skal hún afla heimildar umsækjanda.

Ef umsækjandi um greiðslu bóta telur að skýrsla sem hann hefur gefið á öðru stigi málsins sé ófullnægjandi, getur hann óskað eftir því að gefa aðra skýrslu fyrir úrskurðarnefndinni, eða skila til hennar greinargerð þar sem helstu atriði málsins koma fram.

## 14. gr.

Úrskurðarnefndinni er heimilt með samþykki umsækjanda um greiðslu bóta að óska þess að læknir leggi mat á heilsufar hans ef telja má að það skipti máli við úrlausn nefndarinnar. Skal kostnaður sem hlýst af því greiddur úr ríkissjóði.

## 15. gr.

Úrskurðarnefndin metur sjálfstætt þau gögn sem hún hefur aflað og fyrir hana hafa verið lögð og tekur ákvörðun á grundvelli þeirra. Skal nefndin við úrlausn máls hafa til hliðsjónar réttarframingvæmd við ákvörðun skaðabóta og dómafordæmi. Skal nefndin hraða úrlausn hvers máls eins og audið er. Að lokinni yfirferð kveður nefndin upp skriflegan rökstuddan úrskurð. Skal niðurstaða nefndarinnar send umsækjanda í ábyrgðarpósti eða með öðrum viðurkenndum hætti.

## 16. gr.

Hafi umsækjandi leitað aðstoðar lögmanns við framlagningu bótakröfu sinnar fyrir úrskurðarnefndinni, er henni heimilt samhliða ákvörðun um bætur, að ákveða greiðslu kostnaðar sem af því hefur hlotist, enda liggja fyrir sundurliðuð og réttmæt tímaskýrsla lögmannsins. Ekki skal þó greiða hærri kostnað vegna þessa en kr. 160.000.

## 17. gr.

Gjalddagi bóta er fyrsta dag næsta mánaðar eftir að sýslumanni berst skriflegt samþykki viðtakanda bótanna um að sáttaboði hafi verið tekið eða úrskurður úrskurðarnefndarinnar er kveðinn upp. Bætur allt að 2 millj. kr. skal greiða út í einu lagi. Bætur umfram 2 millj. kr. og allt að 4 millj. kr. skal greiða út 18 mánuðum eftir fyrstu greiðslu. Bætur umfram 4 millj. kr. og allt að hámarksbótum skal greiða út 36 mánuðum eftir fyrstu greiðslu.

Bótafjárhæð skal bundin vísitölu neysluverðs frá því að hún er ákveðin í sáttaboði skv. 6. gr. eða úrskurði skv. 9. gr. Ekki verða greiddir vextir á bætur.

Aðrar greiðslur sem umsækjandi um greiðslu bóta nýtir s.s. á grundvelli almannatrygginga eða úr lífeyrissjóðum hafa ekki áhrif á sáttaboð sýslumanns eða ákvörðun úrskurðarnefndar um bótafjárhæð.

## 18. gr.

Ekki er heimilt að framselja kröfu á grundvelli laga nr. 47/2010, nema hún sé viðurkennd og fjárhæð hennar ákvörðuð af úrskurðarnefnd.

Bætur eru undanþegnar aðför og fer með þær samkvæmt 46. gr. laga um aðför.

Óheimilt er að skuldajafna kröfum ríkisins, sveitarfélaga eða stofnana þeirra á móti bótagreiðslum. Bætur teljast ekki til skattskyldra tekna og fer með þær samkvæmt 2. tl. 28. gr. laga um tekjuskatt.

## 19. gr.

Krafa um bætur sem lýst hefur verið erfist í samræmi við erfðalög.

Hafi fyrrum vistmaður á þeim heimilum sem talin eru upp í 1. gr. andast áður en honum var unnt að lýsa kröfu um bætur, erfist krafan til eftirlifandi barna sem geta hvert um sig eða sameiginlega fylgt henni eftir. Komi fram krafa frá einu eða fleiri af börnum fyrrum vistmanns og kunnugt er að hann hafi átt önnur börn sem eru á lífi, skal sýslumaður tilkynna öðrum eftirlifandi börnum hans með viðurkenndum hætti að krafan hafi komið fram og veita 14 daga frest til athugasemda. Eftirlifandi börn vistmanns geta veitt einu þeirra umboð til að fara með bótakröfuna.

Ef framsetning kröfu er ágreiningslaus á milli barna skal sýslumaður gera þeim sameiginlegt sáttaboð. Rísi ágreiningur milli barna vistmanns um framsetningu kröfunnar skal sýslumaður senda þeim öllum sáttaboð, þar sem boði um bætur er skipt hlutfallslega eftir fjölda barna. Verði sáttaboði til eins eða fleiri barna vísað til úrskurðarnefndar, úrskurðar nefndin bætur hlutfallslega eftir fjölda barna.

## 20. gr.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 4. mgr. 12. gr. laga nr. 47/2010 öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 21. mars 2011.*

**Ögmundur Jónasson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 6. apríl 2011

# Lög

**um breytingu á lögum nr. 47/2010, um sanngirnisebætur fyrir misgjörðir  
á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007  
(sanngirnisebætur vegna Landakotsskóla).**

---

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laganna er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, að ákveða að aðrar skýrslur en skýrslur nefndarinnar verði lagðar til grundvallar því að krafa um sanngirnisebætur verði tekin til meðferðar.

Ákvæði laganna eiga við um kröfur um sanngirnisebætur samkvæmt ákvæði þessu eftir því sem við á en þó er ráðherra heimilt að ákveða að innköllun fari fram með öðrum hætti en lýst er í 5. gr. laganna og að afla megi staðfestingar skv. 1. mgr. 6. gr. á því að viðkomandi hafi verið vistaður á því heimili eða stofnun sem um ræðir með öðrum hætti en með staðfestingu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 3. desember 2015.*

**Umsókn um sanngirnisbætur úr ríkissjóði vegna dvalar á vistheimili  
á vegum hins opinbera  
samanber lög nr. 47/2010 og lög nr. 26/2007**

**1. Umsækjandi**

Fullt nafn	Kennitala
Heimilisfang eða dvalarstaður	Sími eða farsími
Nafn umboðsmanns umsækjanda ef það á við	Sími eða farsími umboðsmanns

**2. Dvöl á vistheimili**

Á hvaða vistheimili dvaldi umsækjandi? (merkið aðeins við eitt heimili. Ef umsækjandi hefur dvalið á fleiri en einu þessara heimila, þá þarf að skila blaði fyrir hvert þeirra)

- |  |  |
|--|--|
| <input type="checkbox"/> vistheimilinu Breiðuvík   | <input type="checkbox"/> vistheimilinu Silungapólli          |
| <input type="checkbox"/> Heyrnleysingjaskólanum    | <input type="checkbox"/> heimavistarskólanum Jaðri           |
| <input type="checkbox"/> vistheimilinu Kumbaravogi | <input type="checkbox"/> Upptökuheimili ríkisins             |
| <input type="checkbox"/> skólaheimilinu Bjargi     | <input checked="" type="checkbox"/> Unglingaheimili ríkisins |
| <input type="checkbox"/> vistheimilinu Reykjahlíð  |  |

Á hvaða tíma var dvölin? (nægilegt er að tilgreina ártöl)

Var umsækjandi kallaður til viðtals hjá rannsóknarnefnd m.starfsemi samkvæmt lögum nr. 26/2007?

<input checked="" type="radio"/>	Nei ég var ekki boðaður/boðuð í viðtal.
<input type="radio"/>	Já ég fór í viðtal hjá nefndinni þann:
<input type="radio"/>	Ég var boðaður/boðuð til viðtals en fór ekki.

Lýsið með eigin orðum dvölinni á vistheimilinu og tilgreinið eftir minni tiltekin atvik sem yður finnst skipta máli. (Þessum lið má skila í sérstakri greinargerð sé þess óskað).

Hér skal komið til skila eftir bestu getu hvernig dvölin á heimilinu var og í hverju harðræði og ill meðferð var fólgin. Ef þér hafið gefið skýrslu hjá rannsóknarnefnd með starfsemi vistheimila, þá er nægilegt að vísa til þess er þar kemur fram, ef þér teljið það fullnægjandi og þér veitið jafnframt sýslumanni heimild til að fá þessi gögn afhent.

### 3. Tjón af dvöl á vistheimili

Rekið í eins hnitmiðuðu máli og yður er unnt hvaða afleiðingar dvölin á heimilinu hafði á líf yðar.

Hér þarf að koma fram grundvöllur bótakröfunnar. Hvaða afleiðingar að yðar mati hafði ill meðferð á vistheimili á líf yðar? Teljið fram öll þau atriði er yður finnst skipta máli.

Fjárhæð bótakröfu?

Hér þarf að koma fram hvaða fjárhæð þér gerið kröfu um að fá greidda úr ríkissjóði vegna tjóns yðar. Hámarksbætur á grundvelli laganna eru kr. 6.000.000. Rétt er að hafa í huga að tilgreind fjárhæð þarf ekki að vera bindandi á neinn hátt fyrir yður eða sýslumann, þar sem bætur verða metnar að álitum útfrá fyrirliggjandi gögnum.



#### 4. Upplýsingaöflun

Hvaða gögn er yður kunnugt um að séu til og varði dvöl yðar á vistheimili?

Hér þarf að tilgreina öll gögn sem yður er kunnugt um að séu til um dvöl yðar á vistheimili til að auðvelda gagnasöfnun og flýta fyrir niðurstöðu. Ef þér hafið farið í viðtal hjá vistheimilanefnd þá er hægt að vísa til þess sem liggur fyrir hjá nefndinni ef þér hafið jafnframt í hyggju að veita sýslumanni heimild til að afla þeirra. Ef um önnur gögn er að ræða er þess óskað að þér tilgreinið þau eftir bestu vitund,

Annað sem umsækjandi vill taka fram?

Staður, dagsetning:

---

Nafn: (undirritun þarf aðeins ef ekki eru nýtt rafræn skil)

---

**VIÐTAKANDI:**

**Sýslumaðurinn á Siglufirði  
Gránugötu 4-6  
580 Siglufirði**



#### 4. Tjón yðar

Vinsamlega tilgreinið eftir bestu getu hvaða áhrif ill meðferð í Heyrnleysingjaskólanum hefur haft á yður og hvaða varanlegum skaða hún hefur valdið (Þessu má skila með sérstakri greinargerð)

#### Fjárhæð bótakröfu?

Hámarksbætur eru rúmlega 7,2 milljónir króna. Athugið að bætur eru metnar út frá ýmsum forsendum og hámarksbætur geta aðeins fengist þegar tjón hefur orðið mjög mikið

#### 5. Annað

Annað sem umsækjandi vill taka fram eða koma á framfæri

Staður og dagsetning:

Undirritun



SÝSLUMENN

## Umsókn um sanngirnisbætur úr ríkissjóði fyrir fyrrverandi nemendur Landakotsskóla

### Viðtakandi:

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra  
Skrifstofa Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði  
botanefnd@syslumenn.is

### 1. Umsækjandi

Umsækjandi:		
Nafn:	Kennitala:	Netfang:
Lögheimili / aðsetur:	Póstnúmer og staður:	Sími / símar:
Nafn umboðsmanns umsækjanda ef það á við:		Sími umboðsmanns:

### 2. Tímabil skólavistar

Á hvaða tíma voruð þér nemandi við skólann? Það nægir að tilgreina ártöl
Ef þér hafið fengið skriflega staðfestingu á skólavistinni, þá vinsamlega sendið hana með umsókninni. Ef ekki, þá er unnt að afla hennar hjá Þjóðskjalasafni.

Hafið þér sótt um bætur frá Kabólsku kirkjunni?
<input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> Já (Vinsamlega sendið með umsókninni þau gögn sem lögð voru fram vegna þeirrar umsóknar. Það er þó ekki skylda og þær bætur sem þér kunnið hafa fengið hafa engin áhrif á bótarétt yðar núna).

### 3. Vistin í Landakotsskóla

Lýsið eftir því sem yður er unnt með eigin orðum hvernig vist í skólanum var háttað og tilgreinið eftir minni atvik sem yður þykir skipta máli (Skila má sérstakri greinargerð í staðinn ef þess er óskað)

#### 4. Tjón yðar

Vinsamlega tilgreinið eftir bestu getu hvaða áhrif ill meðferð í Landakotsskóla hefur haft á yður og hvaða varanlegum skaða hún hefur valdið (Þessu má skila í sérstakri greinargerð)

#### Fjárhæð bóta kröfu?

Hámarksbætur eru rúmlega 7,2 milljónir króna. Athugið að bætur eru metnar út frá ýmsum forsendum og hámarksbætur geta aðeins fengist þegar tjón hefur orðið mjög mikið.

#### 5. Annað

Annað sem umsækjandi vill taka fram eða koma á framfæri

Staður og dagsetning:

Undirritun:



Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra  
Gránugötu 4-6  
580 Siglufirði

## Umsókn um sanngirnibætur úr ríkissjóði fyrir fyrrverandi vistmenn á Kópavogshæli 1952-1993

### 1. Umsækjandi

Fullt nafn	Kennitala
Click here to enter text.	Click here to enter text.
Dvalarstaður umsækjanda	Póstnúmer
Click here to enter text.	Click here to enter text.
Nafn umboðsmanns umsækjanda	Sími umboðsmanns
Click here to enter text.	Click here to enter text.
Heimilisfang eða starfsstöð umboðsmanns	Póstnúmer
Click here to enter text.	Click here to enter text.
Tengsl umsækjanda og umboðsmanns	
Click here to enter text.	

### 2. Dvöl á Kópavogshælinu

Á hvaða tíma var umsækjandi vistmaður á heimilinu? (nægilegt er að tilgreina ártöl)
Click here to enter text.

### 3. Tjón af dvöl á vistheimili

Hér er hægt að rekja hvernig dvölin á heimilinu var og hvaða afleiðingar hún hafði á vistmann. Þessu má skila með greinargerð sem fylgir með umsókn ef þess er frekar óskað.

Click here to enter text.

### 4. Annað

Er eitthvað annað sem umsækjandi eða umboðsmaður hans vill taka fram?

Click here to enter text.



Til staðfestu þess að ég hafi sótt um sanngirnisbætur úr ríkissjóði, undirrita ég umsókn þessa með eigin hendi eða umboðsmaður minn. Allar upplýsingar eru veittar eftir bestu vitund. Undirrituðum er kunnugt um að ófullnægjandi eða rangar upplýsingar geta valdið töf á afgreiðslu erindisins eða synjun þess. Jafnframt veiti ég undirritaður sýslumanninum á Norðurlandi eystra heimild til að fá upplýsingar úr gögnum nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 er varða umsækjanda.

Ég undirritaður lýsi því yfir að umsækjandi var vistmaður á Kópavogshæli eins og fram kemur á eyðublaði þessu og varð þar fyrir illri meðferð og/eða ofbeldi, eftir því sem hugtökin eru skilgreind í skýrslu vistheimilaneftndar um starfsemi stofnunarinnar og kom út í desember 2016. Ég sæki um bætur úr ríkissjóði á grundvelli laga nr. 47/2010 að þeirri fjárhæð sem fram kemur á umsóknareyðublaðinu.

staður, dagsetning:

---

nafn :

---

Vistheimili	Númer umsóknar	Umsókn barst

## Sanngirnisbætur

### 1. Almennar upplýsingar

Nafn	Kennitala	
Umboðsmaður (ef það á við)	Dvalartími	Staðf. af nefnd
Forstöðumenn vistheimilis á dvalartíma		
Umsækjandi er látinn. Lést þann:		
Nöfn þeirra sem sækja um	Kennitala	

Miskastig sem veitt eru fyrir lengd dvalar	
Dvalartími í mánuðum	
<b>Tvö stig fyrir hvern mánuð</b>	

## 2. Gögn sem umsókn byggir á

	Liggur fyrir	Óskað eftir	Komið	Á ekki við
<b>I. Heimild til gagnaöflunar</b>				
<b>II. Viðtal hjá vistheimilaneftnd</b>				
<b>III. Gögn frá barnaverndaryfirvöldum</b>				
1. bókanir eða fundargerðir				
2. bréf				
3. vottorð				
<b>IV. Læknisfræðileg gögn</b>				
1. bréf				
2. vottorð				
<b>V. Sálfræðigögn</b>				
1. bréf				
2. vottorð				
<b>VI. Gögn frá félagsþjónustu</b>				
1. bréf				
2. vottorð				
<b>VII. Gögn um skólavist og nám</b>				
1. bréf				
2. einkunnabækur				
<b>VIII. Vitnaskýrslur annarra aðila</b>				

### 3. Ill meðferð og ofbeldi

#### 3.1. Lítilsvirðandi framkoma

	Eitthvað	Nokkuð	Verulegt	stig
Póstur opnaður og sendingar teknar	1	2	3	
Niðurlægt í viðurvist annarra	1	2	3	
Meiðandi orðalag	1	2	3	
Einelti og lítilsvirðandi stríðni	1	2	3	

#### 3.2. Andlegt ofbeldi

	Eitthvað	Nokkuð	Verulegt	stig
Hótun um að svelta vistm.	1	2	3	
Hótun um inni eða útilokun	1	2	3	
Hótun um líkamlegt ofbeldi	1	2	3	
Innilokun	2	3	4	
Vistmaður læstur úti	1	2	3	
Annað hvað?	1	2	3	

#### 3.3. Vanræksla

	Eitthvað	Nokkuð	Verulegt	stig
Matarskortur	1	2	3	
Skjóllítill fatnaður	1	2	3	
Skortur á hreinlæti og tannhirðu	1	2	3	
Lyfjagjöf ekki sinnt	1	2	3	
Læknisaðstoð ekki sinnt	1	2	3	
Tannlækningum ekki sinnt	1	2	3	
Vandamálum ekki sinnt eða afskiptaleysi	1	2	3	

### 3.4. Líkamlegt ofbeldi

	Eitthvað	Nokkuð	Verulegt	stig
Erfiðisvinna	3	4	5	
Vistm. klipinn og/eða sleginn	1	2	3	
Bleytt með vatni	1	2	3	
Hrindingar	1	2	3	
Bruni	1	2	3	
Barsmíðar og/eða spörk	3	4	5	
Barsmíðar með áhöldum	4	5	6	
Meiðsli með eggvopni	4	5	6	

### 3.5. Kynferðislegt ofbeldi

	Eitthvað	Nokkuð	Verulegt	stig
Orðbragð	1	2	3	
Lostugt athæfi	1	2	3	
Kynferðisleg áreitni ótilgreind	3	4	5	
Strokur	1	2	3	
Káf annað en kynfæri	1	2	3	
Káf á kynfærum	1	2	3	
Vistm. neyddur til að fróa öðr.	3	4	5	
Vistm. neyddur til munnmaka	6	7	8	
Vistm. neyddur til samræðis	8	9	10	

Miskastig sem vegna ofbeldis og illrar meðferðar

Athugasemdir

miskastig

## 4. Tjón af dvöl á vistheimili

### 4.1. Andlegar afleiðingar

	Eitthvað	Nokkuð	Verulegt	stig
Félagsfærni	1	2	3	
Vantraust	1	2	3	
Lágt sjálfsmat	2	3	4	
Geðraskanir	3	4	5	
Punglyndi	3	4	5	
Öryggisleysi	1	2	3	
Kvíði	1	2	3	
Skömm	3	4	5	
Áfallastreita	1	2	3	
Erfitt með að tengjast öðrum	1	2	3	

Miskastig sem vegna andlegra afleiðinga	
Athugasemdir	miskastig

#### 4.2. Líkamlegar afleiðingar

	Eitthvað	Nokkuð	Verulegt	stig
Ör vegna bruna, barsmíða eða kals	1	2	3	
Tognun eða önnur slík óþægindi	1	2	3	
Beinbrot	1	2	3	
Missir tanna	1	2	3	
Heyrnar eða sjónskerðing	1	2	3	
Örkuml eða einhver fötlun	4	5	6	

Miskastig sem vegna líkamlegra afleiðinga	
Athugasemdir	miskastig

#### 4.3. Áhrif á menntun og starfsval

	Eitthvað	Nokkuð	Verulegt	stig
Skortur á grunnmenntun	3	4	5	
Skortur á framhaldsmenntun	3	4	5	
„Stimpill“ samfélags og takmarkað starfsval	3	4	5	
Nefnir tilt. nám sem ekki var unnt að sinna	1	2	3	

Miskastig sem vegna áhrifa á nám og starfsval	
Athugasemdir	miskastig

#### 4.4. Áhrif á lífshlaup

	Eitthvað	Nokkuð	Verulegt	stig
Áfengisneysla	1	2	3	
Fíkniefnaneysla	1	2	3	
„Slæmur“ félagsskapur	1	2	3	
Dvöl á meðferðarheimilum síðar	1	2	3	
Tengslarof				
**Rof á tengslum við fjölskyldu	1	2	3	
**Rof á tengslum við samfélag	1	2	3	
**Rof á tengslum við jafnaldra	1	2	3	
Hjónabandserfiðleikar	1	2	3	
Áhættuhegðun	1	2	3	
Afbrotiferill	1	2	3	
Fangavist	1	2	3	
Sjálfsvígshugleiðingar/tilraunir	3	4	5	

Miskastig vegna áhrifa á lífshlaup	
Athugasemdir	miskastig



## Samantekt og athugasemdir

Miskastig vegna dvalar. Sjá bls. 1	
Miskastig vegna ofbeldis og illrar meðferðar	
<b>Samtals miskastig vegna dvalar, illrar meðferðar og ofbeldis (mest 25 stig)</b>	
Miskastig vegna varanlegra afleiðinga illrar meðferðar og ofbeldis	
vegna andlegra afleiðinga	
vegna líkamlegra afleiðinga	
vegna áhrifa á nám og starfsval	
vegna áhrifa á lífshlaup	
<b>Samtals miskastig vegna varanlegra afleiðinga (mest 75 stig)</b>	
<b>Samtals alls miskastig</b>	
Fjárhæð sanngirnisbóta (mest kr. 6.042.845)	<b>Kr.</b>

Almennar athugasemdir



NN  
N  
N  
111 NN

## SÝSLUMAÐURINN

### NORÐURLAND EYSTRÁ

Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði  
Sími: 458 2600 – Netfang: botanefnd@syslumenn.is

Siglufirði 11. september 2017

Hjálagt er sáttaboð sýslumannsins á Norðurlandi eystra f.h. íslenska ríkisins um greiðslu sanngirnisbóta vegna illrar meðferðar sem þér urðuð fyrir á Kópavogshælinu.

Fjárhæð sú sem boðin er endanleg greiðsla bóta að hálfu ríkissjóðs vegna misgjörðanna.

Fyrirmæli um ákvörðun fjárhæðar bóta er að finna í lögum um sanngirnisbætur nr. 47/2010 og reglum sem settar voru á grundvelli þeirra. Sjá nánari skýringar á **bls. 2**

Ef þér gangið að sáttaboðinu þarf að samþykkja það með undirritun yðar eða umboðsmanns yðar í viðurvist tveggja votta og senda til baka til sýslumannsins á Norðurlandi eystra, Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði. Meðfylgjandi sáttaboðinu er skjal sem óskað er eftir að verði útfyllt í þeim tilvikum þar sem bótakrefjandi getur ekki undirritað sáttaboðið sjálfur. Á því ber að tilgreina tengsl þess sem undirritar sáttaboðið við bótakrefjanda. Sjá **bls. 3**

**Vinsamlega tilgreinið banka og reikningsnúmer. Aðeins er unnt að greiða bætur inn á reikning sem er í eigu bótakrefjanda.**

Samkvæmt lögum um sanngirnisbætur verða bætur að fjárhæð kr. 2.000.000 greiddar yður 10-14 dögum eftir að samþykkt sáttaboð berst embættinu. Önnur greiðsla að fjárhæð kr. 2.000.000 auk verðbóta, verður greidd 18 mánuðum síðar og lokagreiðsla bótanna verður greidd að viðbættum verðbótum, þegar liðin verða þrjú ár frá fyrstu greiðslu.

Ef þér gangið ekki að sáttaboðinu getið þér innan þriggja mánaða frá móttöku bréfsins skotið málinu til úrskurðarnefndar sanngirnisbóta. Sjá upplýsingar um nefndina á **bls. 4**

Virðingarfyllst f.h. sýslumanns

Halldór Þormar Halldórsson

## Um ákvörðun sanngirnisbóta

**-Vinsamlega kynnið yður vel það sem hér stendur -**

Sanngirnisbætur eru ákveðnar á grundvelli laga nr. 47/2010 en í þeim er mælt fyrir um greiðslu sanngirnisbóta úr ríkissjóði til þeirra sem urðu fyrir varanlegum skaða af illri meðferð eða ofbeldi á tilteknum vist- eða meðferðarheimilum. Bætur skulu ekki vera hærrí en kr. 6.000.000 en árlega skal fjárhæðin taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs. Hámarksfjárhæðin er nú um 7,6 milljónir.

Í lögunum eru fyrirmæli um að við ákvörðun um sanngirnisbætur eigi að taka mið af dómaframkvæmd á sambærilegum sviðum. Er það gert með tilliti til jafnræðisreglunnar og að ekki verði verulegur munur á því sem greitt er í bætur til dæmis til þolenda afbrota og þeirra sem vistaðir hafa verið á vistheimilum.

Gerð hefur verið ítarleg úttekt á dómaframkvæmd í málum er varða sambærileg atvik og lýst hefur verið af einstaklingum sem dvalið hafa á þeim stofnunum sem falla undir lög um sanngirnisbætur. Ljóst er að bætur í slíkum málum eru langt frá því að nema því hámarki sem sett er á sanngirnisbætur. Vegna orðalags laganna um að taka skuli mið af dómaframkvæmd geta sanngirnisbætur einungis í undantekningartilvikum, þegar um sérlega alvarlegar afleiðingar er að ræða, náð áðurgreindu hámarki.

Á grundvelli laga 47/2010 voru samdar nánari reglur um útreikning bóta. Þar kemur fram að sýslumaður skuli meta vistmanni miskastig sem flest geta orðið 100. Skulu miskastigin metin annarsvegar eftir alvarleika misgjörða og hins vegar eftir alvarleika afleiðinga misgjörðanna. Tekið skal fram að innan þessa kerfis er verulegur sveigjanleiki og hvert tilvik metið sérstaklega. Árleg hækkun hámarksfjárhæðar bótanna hefur þau áhrif að hvert miskastig sem notað er við útreikning bótafjárhæðarinnar hækkar og bætur til hvers einstaklings þá að sama skapi.

Ef þér óskið nánari skýringa á þeirri fjárhæð sem yður er boðin í sáttaboðinu sem þér hafið fengið, skal það gert innan 20 daga frá móttöku þess og er svarfrestur sá sami.

## Um úrskurðarnefnd sanngirnisbóta

**-Vinsamlega kynnið yður vel það sem hér stendur -**

Með þessu bréfi er að finna bindandi sáttaboð um greiðslu sanngirnisbóta á grundvelli laga nr. 47/2010.

Ef þér kjósið að hafna sáttaboðinu, **getið þér innan þriggja mánaða frá móttöku sáttaboðsins, leitað til úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur**. Í erindi til nefndarinnar þurfa að koma fram rökstuddar skýringar á því af hverju þér teljið yður eiga rétt á hærri bótum en fram koma í sáttaboðinu.

Niðurstaða nefndarinnar er endanleg niðurstaða málsins og henni verður aðeins hnekktt með því að reka mál fyrir dómstólum. Rétt er að taka fram að málsmeðferð hjá nefndinni byggir á ríkari kröfum um sönnun tjóns en við málsmeðferð hjá sýslumanni og færa þarf því sterkari rök fyrir tjóninu en þegar sótt var um bætur til sýslumanns, samanber orðalag í frumvarpi að lögnum laganna. Athygli er vakin á því að nefndin er óbundin af sáttaboði því sem yður hefur verið gert. Ef þér leitið aðstoðar lögmanns við að setja fram erindi yðar er nefndinni heimilt að ákveða að þér fáið greiddan kostnað við vinnu lögmanns sem nemur allt að kr. 200.000. Rétt er að taka fram að nefndinni er það ekki skylt. Annan kostnað sem hlýst af störfum lögmanns munið þér þurfa að bera.

Í úrskurðarnefnd um sanngirnisbætur sitja: Þorbjörg Inga Jónsdóttir hrl., Vigdís Erlendsdóttir sálfræðingur og Andrés Magnússon læknir.

Erindi til úrskurðarnefndar skal senda til:

**Lagaping lögmannsstofa**  
**úrskurðarnefnd um sanngirnisbætur**  
**Túngötu 14**  
**101 Reykjavík**



## Sáttaboð um greiðslu sanngirnisbóta

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra, fyrir hönd íslenska ríkisins, gerir með skjali þessu, NN kt. 101010-3310, eftirfarandi bindandi sáttaboð um sanngirnisbætur vegna illrar meðferðar sem hún varð fyrir á meðan hún dvaldi sem barn á NN stofnun

Á grundvelli laga nr. 47/2010 um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007, býður íslenska ríkið greiðslu að fjárhæð:

**kr. X.XXX.XXX**

*„krónur XX milljónir, XX hundruð og XX þúsund og XX hundruð 00/100 “*

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra  
XX. september 201X

\_\_\_\_\_  
f.h. Halldór Þormar Halldórsson

Ég eða annar fyrir mína hönd, samþykki sáttaboð þetta með undirritun. Jafnframt afsala ég mér öllum frekari kröfum á hendur ríkissjóði vegna tjóns af þeim misgjörðum sem ég varð fyrir á NN stofnun

\_\_\_\_\_  
Staður og dagsetning

\_\_\_\_\_  
NN, eða eftir umboði

Bankaupplýsingar:

\_\_\_\_\_  
Banki      Hb      Reikningur

**Vottar að rétttri undirskrift:**

\_\_\_\_\_  
Nafn

\_\_\_\_\_  
Nafn

\_\_\_\_\_  
kt.

\_\_\_\_\_  
kt.

**Samþykkt sáttaboð sendist til :**  
**Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra**  
**Gránugötu 4-6**  
**580 Siglufjörður**





